



ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVISS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 23. júlí 2008 – 30. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Aðgerðir í efnahagsmálum:
 Ákveðin mistök hafa verið gerð



2

Fannie Mae og Freddie Mac:
 Saga og núverandi staða



12

Veðir í Hítará:
 Lagskonur með veiðidellu



14

Skuldum breytt í hlutafé

Útgáfufélag Nyhedsavisen í Danmörku sendi í gær tilkynningu til danska fyrirtækjaeftirlitsins um að hlutafé félagsins hefði verið aukið um helming, eða 10 milljónir danskra króna. Þar með er



eigið fé félagsins orðið jákvætt. Samkvæmt viðskipta-vef Berlingske Tidende var skuldum félagsins breytt í hlutafé. Ekki er hægt að segja til um hvort að við það hafi Stoðir Invest afskrifað skuldabréfið sem hvílir á útgáfunni og er í þeirra eigu eða hvort nýir fjárfestar séu komnir inn í spilið. Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Stoða Invest, neitaði að tjá sig um málið. Frestur til að skila inn ársreikningi ársins 2007 rann út í gær en hann hefur ekki enn borist dönsku ársreikninganeftirinn.

-ghh

HELST Í ÚTLÖNDUM

Niður með tolla Evrópusambandið býðst til þess að skera niður landbúnaðartolla um 60%. Um þetta er meðal annars rætt á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Genf. Þar eru nú fulltrúar 35 ríkja samankomnir.

Betri afkoma Tap Bank of America, stærsta viðskiptabanka Bandaríkjanna, á öðrum fjórðungi ársins 2008 var töluvert minna en gert hafði verið ráð fyrir. Fjórir af fimm stærstu bönkum í Bandaríkjunum hafa skilað betri afkomu en búist hafði verið við. Hlutabréf í bönkunum hafa að sama skapi hækkað.



Upp á ný Hlutabréf hækkuðu á ný í Asíu og var hækkunin sú mesta í fjóra mánuði. Það voru fjármála-fyrirtæki og hrávöruframleiðendur sem leiddu hækkunina.

Riddarinn slær met Frumsýningarhelgi Dark Knight lauk með því að myndin sló met Spiderman 3 frá því í fyrra sem aðskóknarmesta opunarhelgi sögunnar. Helgin skilaði 155,34 milljónum dollara í kassann hjá Warner en fyrra metið var 151,1.

Frásagnir eru af stórfelldu brottkasti

Hermt er að vegna aflaskerðingar eigi útgerðir í erfiðleikum með að forðast veiðar á þorski. Sama á við um brottkast og önnur lögbrot, segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ.

Annas Sigmundsson
 skrifar

„Það er ólöglegt að henda fiski. Ef það reynist rétt að frystitogari hafi hent miklu magni af þorski er það ekki gott. Við erum með Fiskistofu til að kanna það og það eru eftirlitsmenn um borð í þessum skipum og viðurlög eru við þessum brotum. Það er þá eithvað að eftirlitskerfinu ef verið er að henda fiski,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims. „Ef ekki er hægt að rannsaka svona sögusagnir og fá í þær botn þá er sjávarútvegurinn og Fiskistofa í vöndum málum og þarf þá að endurskoða alla verkefna í eftirlitskerfi sjávarútvegsins.“

Heimildir Markaðarins herma að vegna skerðingar á aflaheimildum og þar sem stutt sé eftir af kvótaárinu hafi frystitogari gripið til þess að henda nokkrum hölum af þorski. Hvert hal getur oft farið vel yfir tíu tonn og jafnvel tugi tonna. Því er um að ræða margra milljóna aflaverðmæti sem fer förgörðum.

Umræðan um brottkast hefur oftast verið bundin við smærri útgerðir. Það að útgerðir sem geri út stóra frystitogara séu farinn að grípa til brottkasts eru því nýmæli.

„Ef einhver útgerð er að stunda þetta þá er það

refsivert. Það er þá gott að það komi fram. Ef þetta er gert með vilja útgerðar þá verður tekið á henni og hið sama á við ef þetta er bundið við áhöfnina. Hið sama á við um þetta eins og önnur lögbrot,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ.

Hrafnkell Eiríksson, hjá veiðieftirliti Hafrannsóknastofnunar, segir að togarar sem hafi verið að veiða ýsu og ufsa hafi í einhverjum tilvikum átt í erfiðleikum með að forðast þorsk. Hins vegar segist hann ekki hafa heyrt af brottkasti þeirra á þorski. „Miðað við þær upplýsingar sem við höfum frá veiðieftirlitsmönnum sem hafa verið um borð í togurum hafa ekki verið nein stórtæk vandamál,“ segir Hrafnkell.

„Við stýrum okkar skipum inn á þau svæði þar sem við getum veitt þær tegundir sem við eigum kvóta fyrir,“ segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda. Hann segist hafa heyrt orðróm um að einhver skip hendi þorski í sjóinn en segir slíkt ekki stundað hjá sinni útgerð.

„Staðan er orðin erfið þar sem þorskvótinn er það lítil. Það er ekki þar með sagt að menn eigi að leysa vandann með því að henda þorski. Við hjá HB Granda erum til í að leggja okkar af mörkum til að gera brottkast ómögulegt og þar með að slá á þennan orðróm,“ segir Eggert.

Krónan verður veik næsta árið

Landsbankinn spáir miklum gengissveiflum þótt horfur teljist jákvæðar.

„Aukin áhættufælni á markaði veikir krónuna. Við sjáum það einnig að aðrar hávaxtamyntir hafa verið að gefa eftir að undanförunu,“ segir Lúdvík Eliasson, sérfræðingur hjá greiningu Landsbankans. Bankinn birti í gær gengisspá þar sem segir að krónan muni haldast veik en langtímahorfur séu jákvæðar.

„Vaxtamunur er til staðar en aðgengi að honum er takmarkað,“ segir Lúdvík og bætir við að þetta leysist ekki fyrr en fjármálakrisan liður yfir. Mikill vaxtamunur við útlönd gerir það að verkum að fjár-

magn flæðir til landsins og styrkir krónuna þar sem erlendir fjárfestar sjá færi á að fjárfesta hérlendis og fá hærri vexti en tíðkast erlendis. Hann segir að sveiflurnar muni verða miklar á næstunni en að hún muni frekar styrkjast en hitt.

Í spánni er bent á að jöklabréf fyrir 112 milljarða króna falli á gjaldþaga á seinni hluta þessa árs og 132 milljarðar króna á fyrsta fjórðungi 2009 sem geti aukið þrýsting á krónuna til veikingar á tímabilinu.

- bpa

TrackWell

Tíma- og verkskráning
 Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið
 Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK GBP DKK USD EUR

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðill sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbodslýsingar og útdráttar úr útbodslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-1,1%	-0,3%
Atorka	-8,2%	-43,2%
Bakkavör	-0,6%	-56,7%
Exista	-2,1%	-67,3%
Glitnir	1,4%	-31,0%
Eimskipafélagið	-0,3%	-58,9%
Icelandair	0,9%	-40,2%
Kaupþing	-0,3%	-17,8%
Landsbankinn	1,3%	-34,9%
Marel	-3,7%	-15,9%
SPRON	-6,3%	-67,1%
Straumur	-2,7%	-37,8%
Teymi	-23,1%	-74,7%
Össur	-2,1%	-13,2%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll á mánudag.

Nýsir vinnur að endurfjármögnun

„Það verður ekki tekin afstaða til sölu á einstökum þáttum uns endurfjármögnun fyrirtækisins er lokið um miðjan ágúst,“ segir Höskuldur Ásgeirsson forstjóri Nýsis. Hann bætir við að menn hafi gefið sér lengri tíma til endurskipulagningar.

Félagið sagði nýverið upp starfsmönnum í Egilshöll og segir Höskuldur að þar hafi mest verið lausráðnir starfsmenn og þetta sé liður í endurskipulagningu Nýsis. Hann bendir á að

verið sé að vinna að nýjum leigusamningi milli Nýsis og Reykjavíkurborgar. „Nýi samningurinn er viðtækari og tekur til fleiri fermetra auk þess sem hugmyndin er að Fjölnir fái aðstöðu í höllinni,“ segir Höskuldur.

Spurður um rekstur sundlaugarinnar við Lágafell í Mosfellsbæ segir hann að fyrirtækið sé að einfalda og endurskipuleggja reksturinn. „Það eru ákveðnar aðhaldsaðgerðir í gangi,“ segir Höskuldur.

- bpa

Hróarskelda í hættu

Svo kann að fara að Hróarskeldu-hátíðin verði fórnarlamb lánsfjárfarkreppunnar. Esben Danielsen, talsmaður tónlistarhátíðarinnar, segir í viðtali við danska dagblaðið Roskilde að tónleikahaldarar eigi „tugi milljóna“ inni á bankareikningi hjá Roskildebanknum, sem tekinn var til greiðslustöðvunar fyrr í mánuðinum.

Danielsen segir það mikinn létti að danski seðlabankinn ábyrgist innistæður í bankanum, því tónleikahaldarar eigi eftir að gera upp tónleika vorsins.

Danski seðlabankinn ábyrgist

hins vegar aðeins bankainnistæður upp að 300.000 dönskum krónum, og því kunna innistæður umfram það að tapast verði bankinn tekinn til gjaldþrotaskipta.

Johnny Madsen hjá Dansk Formue- & Investeringspleje A/S sem TV2 talaði við benti þó á að þar sem danski Seðlabankinn myndi þjóðnýta Roskildebanka, og þar með ábyrgjast skuldbréf í bankanum væri auðveldast að þeir sem ættu háar upphæðir á reikningum bankans skiptu þeim yfir í skammtímaskuldbréf. Þannig gætu þeir komist hjá verulegu tapi.

- msh

Boðleiðir einfaldaðar hjá ríkisskattstjóra

„Þetta er þáttur í valdreifingu innan stofnunarinnar. Boðleiðir eru líka einfaldaðar og þær gerðar skýrari,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Nýtt skipurit tók gildi hjá embættinu í fyrra. Ný svið voru stofnuð: Skattasvið, stjórnsýsluvið og tækni- og skipulagssvið. Fjögur svið voru lögð niður á móti.

Þá hefur forstöðumönnum hjá embættinu verið fækkað, en deildarstjórum fjölgað á móti. Skúli Eggert segir það lið í því að færa ákvarðanatöku „eins nálægt aktrinum og hægt er“.

Fram kemur í ársskýrslu ríkisskattstjóra að töluverð hagræðing hafi orðið hjá embættinu.



SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Starfsfólki hafi fækkað, verkferlar og kostnaður hafi verið greind, utanlandsferðum fækkað, svo nokkuð sé nefnt. Enn fremur segir í skýrslunni að þrátt fyrir hagræðingu megi styrkja faglega þætti með því að breyta skipulagi.

Skúli Eggert nefnir samræmi í skattframskráum sem dæmi um nýjar áherslur. Þá skipti þjónusta embættisins ekki síður máli. „Það er til að mynda mjög óæskilegt að fólk þurfi að bíða, jafnvel árum saman, eftir því að erindi séu afgreidd. Lögboðna tímabrestur verður að halda.“ Hann bendir enn fremur á að skatteftirlit þurfi að vera skilvirkt. Það sé ekki eingöngu í höndum ríkisskattstjóra, heldur skattstjóra víða um land.

- ikh

Hlutur Hannesar í annarra höndum

Nöfnum tveggja helstu fjárfestingarféлага Hannesar Smárasonar, Oddaflugs og Primusar, hefur verið breytt. Umsjá þeirra er nú á höndum Landsbankans og Byrs.

Annas Sigmundsson
skrifar

Innan Landsbanka Íslands og Byrs sparísjóðs er nú unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu fjárfestingarféлага Hannesar Smárasonar, fyrrum forstjóra FL Group, í samvinnu við aðra lánardrottna, með það fyrir augum að bjarga verðmætum og fjármagna eftirstandandi skuldir.

Heimildir Markaðarins herma að Landsbankinn hafi tekið yfir hlut Oddaflugs, fjárfestingarfélags Hannesar, í Stoðum. Einnig hafi Byr sparísjóður tekið yfir hluta félagsins Primusar í Húsasmíðjunni og Byr.

Nöfnum félaganna var breytt fyrir tæpum mánuði síðan. Oddaflug heitir nú EO eignarhaldsfélag og Primus heitir FI fjárfestingar. Ekki er talið að Landsbankinn, eða Byr, fari fram á gjaldþrot á félagum Hannesar, en það myndi kalla á tafarlaugar afskriftir krafna. Fullvíst er þó talið að bankarnir þurfi á næstunni að afskrifa töluvert af þeim kröfum sem þeir eiga gagnvart félagunum.

„EO eignarhaldsfélag hefur ekki selt hlut sinn í Stoðum,“ segir Gunnar Sturluson, lögmaður og stjórnarmaður í EO eignarhaldsfélagi. Oddaflug (nú EO eignarhaldsfélag) fór með átta prósent hlut í Stoðum (áður FL Group). Verðmæti þess hlutar er metið á 13,3 milljarða króna. Gunnar segir engar breytingar hafa orðið á eignarhaldi félaganna tveggja, Oddaflugi og Primusi, þótt nöfnum hafi verið breytt.

Fjárfestingafélagið Primus var eigandi að 18,3 prósent hlut í Húsasmíðjunni. Auk þess var félagið skráð fyrir fjögurra prósent hlut í Byr sparísjóði. Heildarnafnverð Byrs var í fyrra 131 milljarður króna. Hlutur Primusar nam því fjórum milljörðum króna.

Meðal annarra eigna Primusar eru hlutur í Apple umboðinu, Hótel Búðir og auglýsingastofan Fítón.

Það er ljóst að þrengingar á fjárfestingarfélagum hafa komið illa niður á fjárfestingarfélagum Hannesar. Gengi FL Group náði hæsta gildi í lok febrúar í fyrra og stóð þá á 33,2 krónum á hlut. Markaðs-



HANNES SMÁRASON Fyrir 16 mánuðum var markaðsverðmæti hlutar Hannesar í FL Group 61 milljarður. Talið er að hlutur hans í Stoðum hafi nú verið yfirtekin.

MARKAÐURINN/HEIDA

verðmæti félagsins var þá 307 milljarður króna. Þá átti Oddaflug, félag Hannesar, 19,8 prósent í FL Group að markaðsverðmæti 61 milljarður króna.

Nýtt bíó í nóvember

Sambíó ætlar að opna nýtt kvikmyndahús við Egilshöll í Grafarvogi von bráðar. Björn Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóa, bendir á að 40 þúsund manns búi á svæðinu og ekki mikil afþreying til staðar. Hann bætir við að stór hluti íbúa í Grafarvogi sé ungt fólk sem er meginmarkhópur fyrirtækisins.

„Það er mikill spennin hjá okkur auk þess sem við höfum fengið góð viðbrögð frá fólk á svæðinu,“ segir Björn.

Hann segir að



bíóið verði með þeim tæknivæddustu á landinu og muni allt vera stafrænt og sama hvernig á það sé litið.

Björn segir að stefnt sé að opnun í byrjun nóvember á þessu ári. Herma heimildir Markaðarins að stefnt sé að því að opna bíóið með frumsýningu á nýjustu James Bondmyndinni, sem hlotið hefur nafnið Quantum of Solace.

- bpa

NÝI BONDINN Breski leikarinn Daniel Craig í hlutverki nýsna Hennar hátignar.

Skuldatryggingarálag á uppleið

Skuldatryggingarálag Glitnis og Kaupþings nálgast hæstu hæðir. Raunverulegt álag lægra, segir greinahöfundur FT.

Skuldatryggingarálag íslensku bankanna er á uppleið og nálgast nú 1000 punkta. Álagið fór hæst í 1085 punkta á Kaupþing og 1025 punkta á Glitni í mars síðastliðinn. Skuldatryggingarálagið á Landsbankann er nokkuð lægra og stendur í rúmlega 600 punktum.

Financial Times greinir frá því hefur eftir greinanda á íslensku bönkunum að það sé ekki nein augljós ástæða fyrir þessum hækkunum. Álag yfir 1000 punkta merkir jafnan að bankar séu mjög líklegir til að fara í gjaldþrot.


„Það er ekki hægt að tala um raunverulega verðmyndum á þessum markaði, sem er ákaflega ógagnsær og ekki opinber,“ segir Jónas Sigurgeirsson, forstjóri samskiptasviðs hjá Kaupþingi. Hann bendir á sérfræðingar Kaupþings hafi sagt að lítil viðskipti fari fram með skuldatryggingar og upplýsingar um verð sé að mestu byggðar á tilboðum. „Þróunin á þessum markaði er vissulega óþægileg fyrir bankann en til lengri tíma litið er það raunverulegur rekstrarárangur og efnahags-

legur styrkur sem skiptir máli, Kaupþing hefur verið að gefa út skuldabréf á mun betri kjörum en skuldatryggingarálagið gefur til kynna,“ segir Jónas.

David Oakley, greinahöfundur Financial Times benti á óskilvirkni skuldatryggingarálags í nýlegri grein. Þar tók hann Kaupþing sem dæmi og bendir á að bankinn hafi nýlega gefið út skuldabréf með um 200 punkta álagi en á sama tíma hafi álagið á markaði verið um 500 punktar.

Hann bendir jafnframt á að

PRÓUN SKULDATRYGGINGARÁLAGS



skuldatryggingarálag hafi verið betri mælikvarði þegar nægt fjármagn var til staðar á markaði en á síðastliðnum mánuðum hafi álagið ekki verið jafn góður

mælikvarði á áhættu og áður. Seljanleiki sé ekki jafn mikill og áður sem bitni á þeim viðskiptum sem fara fram með skuldatryggingarálag.

- bpa



Uppskrift að árangri



Þegar saman fara skýr stefnumið, gott starfsfólk og metnaður til að gera vel, aukast líkur á að tilætluðum árangri verði náð.

Þannig er árangur í rekstri ekki tilviljun, heldur afleiðing markvissra starfshátta. Norðurál hefur náð settum markmiðum með góðum vinnubrögðum og samvinnu starfsfólks sem lætur verkin tala.

Hjá Norðuráli á Grundartanga starfa nú á fimmta hundrað manns að fjölþættum verkefnum. Framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu væntanlegs álvers í Helguvík þar sem enn mun bætast við valinn hóp vaskra starfsmanna.


NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Tvíbent uppgjör Apple

Hlutabréf í Apple lækkuðu eftir að uppgjör-ið fyrir þriðja ársfjórðung var birt. Félagið skiladi þrátt fyrir það meiri tekjuaukningu en áður var gert ráð fyrir.

Auk þess hafa fjárfestar vaxandi áhyggjur af heilsufari Steves Jobs, stofnanda Apple. New York Times greinir frá því að Jobs hafi þótt áberandi horaður þegar hann kom fram á árlegri þróunarráðstefnu fyrirtækisins fyrir um mánuði og síðan hafa bollaleggingar um heilsu-



STEVE JOBS

far hans vaxið stöðugt.

Áhyggjur fjárfesta orsakast einkum af varúðarráðstöfunum félagsins og spá um minni sölu í haust en greinendur hafa hingað til gert ráð fyrir. Tekjur Apple jukust um 31 prósent á síðasta ársfjórðungi, um 1,07 milljarða dala, sem gerir 1,19 dali á hlut.

Félagið seldi ellefu milljónir iPod-spilara og rúmlega 700 þúsund iPhone á tímabilinu sem var meira en sérfræðingar höfðu gert ráð fyrir.

-bpa

Önnur vítamínsprauta í hagkerfi BNA

Demókratar á Bandaríkjaþingi hyggja á frekari aðgerðir til að örva bandarískt efnahagslíf. Nancy Pelosi, forseti Bandaríkjaþings, sagðist vona að þingið gæti afgreitt lög um 50 milljarða dollara efnahagsörvun fyrir kosningar í haust. Fyrr í ár samþykkti þingið 152 milljarða dollara efnahagsörvun, mest í formi skattaendurgreiðslna til einstaklinga og fyrirtækja.

Demókratar hafa síðan þá rætt möguleikann á öðrum efnahagsörvunarpakka, en til að ná þverpólískri sátt voru mörg málefni sem flokksmönnum voru hugleikin skorin úr lögum.



BARACK OBAMA BÍLAFRAMLEIÐENDUM verði komið til hjálpar og þróun umhverfisvænni bíla styrkt

AFP/MARKAÐURINN

Barack Obama, forsetaframþjófandi Demokrataflokksins, lýsti því yfir á fundi verkálýðsamtakanna United Autoworkers

í Detroit að hann myndi styðja lög um sértækar aðgerðir til stuðnings efnahagslífinu, að því tilskyldu að í honum yrðu ákvæði um aðstoð við bílaframleiðendur, og stuðningur við þróun og framleiðslu umhverfisvænni bíla.

Ólíklegt er talið að repúblikanar muni styðja annan örvunarpakka. George W. Bush hefur lýst sig andvígán frekari aðgerðum meðan beðið sé hvort fyrri örvunarpakki nægi til að rétta við ástandið. John Boehner, leiðtogi repúblikana í neðri deild Bandaríkjaþings tók í sama streng og sagði að bandarískt hagkerfi væri „merkilega sterkt“.

-msh



OF GEYST FARIÐ Í UPPBYGGINGU Flest kaffihúsin sem loka á eru í úthverfum og smábæjum.

AFP/MARKAÐURINN

Til bjargar Starbucks

Mörgum fastagestum kaffihúsa-keðjunnar Starbucks varð brugðið þegar þeir sáu að loka átti „þeirra“ Starbucks-kaffihúsi. Einvörðingur viðskiptavinar kaffihúsa-keðjunnar hafa því skipulagt herferðir og dreift undirskriftalistum til að fá stjórnendur fyrirtækisins til að endurskoða ákvörðun sína.

Í síðustu viku birti fyrirtækið lista yfir þau kaffihús sem loka á, en loka á 600 kaffihúsum í Bandaríkjunum. Þó að flest kaffihúsin sem loka á séu í Flórída, Kaliforníu og Texas, munu önnur strjálbýlli ríki Bandaríkjaþings þó tapa hlutfallslega mest. Þannig mun Suður-Dakóta missa þriðjung allra Starbucks-kaffihúsa sinna við lokunina, en nú rekur keðjan 12 kaffihús í ríkinu.

Skiptar skoðanir eru um Star-

bucks-kaffihúsa-keðjuna, en hún hefur oft verið gagnrýnd fyrir að grafa undan litlum sjálfstæðum kaffihúsum. Á móti kemur að í mörgum smábæjum og úthverfum þykir koma Starbucks-kaffihúss ákveðin tímamót. Los Angeles Times greindi einnig frá því á þriðjudag að í mörgum hverfum L.A. hafi verið litið á veru Starbucks-kaffihúsa sem ákveðin gæðastimpil, og að þau hafi haft jákvæð áhrif á fasteignaverð í nágrenninu.

Fyrirtækið segir að of geyst hafi verið farið í opnun nýrra kaffihúsa undanfarin ár, og viðvarandi taprekstur sé á öllum þeim kaffihúsum sem loka á.

Áætlað er að 12.000 manns munu missa vinnuna vegna þessara aðgerða.

-msh



TIL SÖLU GRÍÐALEGA VEL BÚINN BÍLL

Porsche Cayenne

á götuna apríl 2007, ekin 32 þús. km.
18"álfelgur. Bifreiðin er innflutt ný af umboði.

VERÐ: **8,590,000-** (NÝ VIRÐI 12,650,000-)

Ekkert áhvilandi

Ath. Öll skipti koma til greina á ódýrari.

LÍTIÐ BROT AF BÚNAÐI ER EFTIRFARANDI

1. NÁLGUNARVÖRN AÐ FRAMAN OG AFTAN.
2. DEKKTAR HLIÐARRÚÐUR.
3. RAFKNÚIN SÖLLUGA.
4. BI-XENON ÖKULJÓÐS MEÐ SPRAUTU/PURKU ÁSAMT AUKALÝSINU TIL HLIÐAR.
5. POWER LIFTGATE (OPNANLEGUR AFTURHLERI M/FJARST.)
6. DRÁTTARKÚLA (AFTENGJANLEG)
7. HRAÐANÆMT AFLSTÝRI (servotronic)
8. TIPTRONIC S-SJÁLFSKIPTING/HANDSKIPTING/BEINSKIPTING.
9. SKI BAG.
10. SJÁLFRVIRK LOFTRÆSTIKERFI.
11. HITUN Í FRAMSETUM AUK HITÁ Í STÝRI.
12. BOSE DIGITAL SURROUND HLIÐMCKERFI 250 WÖTT MEÐ 14 HÁTÖLURUM.

Frekari upplýsingar í síma 897-0999

Staða banka vestra betri en óttast var

Árshlutauppgjör gefa von um að fjármálakerfi Bandaríkjaþings standi af sér undirmálslánakreppu og hrun á fasteignamarkaði.

Magnús Sveinn Helgason
skrifar

Hlutabréf í fjármálafyrirtækjum í Bandaríkjunum hafa hækkað mikið í kauphöllum vestanhafs í kjölfar árshlutauppgjóra sem eru betri en búist var við. Verð hlutabréfa í fjármálastofnunum og bönkum byrjaði að hríðfalla fyrir hálfum mánuði, en þá fréttist að ríkið kynni að þurfa að koma fasteignalánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac til bjargar. Gjaldþrot IndyMac-bankans 14. þessa mánaðar kynti enn frekar undir áhyggjur fjárfesta. Slæmt uppgjör U.S. Bancorp á þriðjudaginn jók enn á áhyggjur fjárfesta.

Verðfallið náði hámarki á þriðjudaginn, en þá kynnti Bandaríska fjármálaeftirlitið (SEC) nýjar reglur sem takmörkuðu skortsölu í nítján stórum bönkum og fjármálafyrirtækjum, þar á meðal Fannie Mae, Freddie Mac, JP Morgan, Bank of America og Citigroup, en talið er að skortsalar hafi staðið að baki verðfalli síðustu vikna. Reglurnar tóku gildi á mánudaginn og munu líklega gilda í mánuði. Það vakti athygli að Wachovia, fjórði stærsti banki Bandaríkjaþings, var ekki á listanum. Wachovia hafði leitt verðfall bankafyrirtækja undanfarin vikur, en fréttir hafa borist af því að alríkislögreglan og yfirvöld í Michigan-ríki séu að rannsaka undirmálslánadeild bankans.

Á miðvikudag birti Wells Fargo árshlutauppgjör sem sýndi að tap bankans á fasteignabréfum var umtalsvert minna en greiningardeildir höfðu spáð fyrir, en bankinn er áberandi í fasteignalánunum í Miðvesturríkjum Bandaríkjaþings. Í kjölfarið tóku hlutabréf fjármálafyrirtækja að stíga í verði. Á fimmtudag og föstudag birtu J.P. Morgan Chase og Citigroup sömuleiðis árshlutauppgjör sem sýndu



WELLS FARGO Hlutabréf bankans hækkuðu um 33 prósent í kjölfar betra árshlutauppgjóra en greiningardeildir bjuggust við.

AFP/MARKAÐURINN

mun betri afkomu en spáð hafði verið. Árshlutauppgjör Bank of America, sem fjallað var um í Fréttablaðinu á þriðjudag, var einnig betra en gert hafði verið ráð fyrir.

Núu milljarða dollara tap Wachovia, sem birti árshlutauppgjör í gær, var hins vegar meira en greiningardeildir gerðu ráð fyrir. Þegar blaðið fór í prentun hafði árshlutauppgjör Washington Mutual ekki verið birt. Bréf félagsins féllu lítillega í utanþingsviðskiptum.

Í lok viðskipta á mánudag höfðu bréf í Bank of America hækkað um 54 prósent frá því á þriðjudaginn í síðustu viku. Fjármálavísitala Kauphallar New York, NYK.ID, hefur hækkað um 16 prósent frá því botninum var náð á þriðjudeginum fyrir viku. -msh

Druslurnar vinsælar

Eflaust eru margir sem halda að minni líkur séu á stuldi á eldri bílum, en svo er ekki í Bandaríkjunum. Honda Civic árgærd 1995 er á toppnum yfir vinsælustu bíla meðal þjófa árið 2007 og fylgir Honda Accord árgærd 1991 í kjölfarið.

Í skýrslu Bandarísku tryggingastofnunarinnar segir að helstu ástæður þess að eldri bílar eru vinsælir sé vegna þess hve auðvelt er að nota þá í varahluti. Viðmælandi vefrits Forbes segir bíla gjarnan bútaða niður og seldir sem varahlutir í aðra bíla. Margir eldri bílar séu gullmolar fyrir þjófa þar sem íhlutir, svo sem hljómflytningstæki og tölvur, loftþúðar séu verðmætir á svörtum markaði. Neðanjarðarhagkerfi hafi í raun skapast með varahluti úr eldri bifreiðum sem geri eldri bíla eftirsóknarverða til stuldar.

Stuldur á bifreiðum dróst saman í Bandaríkjunum um 8,9 prósent árið 2007 frá fyrra ári. Eitthvað er smekkur íslenskra

þjófa annar en bandarískra, því Toyota Corolla er vinsælasti bíllinn meðal íslenskra þjófa. Alls voru 265 ökutæki eftirlýst stolin á Íslandi árið 2007 samkvæmt málaskrár lögreglunnar.

Eins og sjá má hér að neðan þá voru tvær tegundir Toyota-bifreiða mest stolnu ökutæki ársins. Af tólf mest stolnu ökutækjum ársins eru sex tegundir: Toyota, Nissan, Subaru, Volkswagen, Mitsubishi og Citroen.

STOLNIR BÍLAR-USA

1. sæti Honda Civic árgærd 1995
2. sæti Honda Accord 1991
3. sæti Toyota Camry 1989
4. sæti Ford F-150 1997
5. sæti Chevrolet C/K 1500 Pickup 1994
6. sæti Acura Integra 1994
7. sæti Dodge Ram Pickup 2004
8. sæti Nissan Sentra 1994
9. sæti Toyota Pickup 1988
10. sæti Toyota Corolla 2007

Heimild: Bandaríska tryggingastofnunin



VINSÆLL MEÐAL ÞJÓFA Toyota Corolla er vinsæll meðal íslenskra þjófa en rétt skríður á topp 10 í Bandaríkjunum.

STOLNIR BÍLAR-ÍSLAND

Tegund	Fjöldi
1. sæti TOYOTA COROLLA	16
2. sæti TOYOTA YARIS	13
3. sæti NISSAN SUNNY SLX	12
4. sæti SUBARU LEGACY GL 4WD	7
5. sæti VOLKSWAGEN POLO	7
6. sæti VOLKSWAGEN GOLF	6
7. sæti VOLKSWAGEN PASSAT	6
8. sæti NISSAN PATROL	5
9. sæti TOYOTA COROLLA XLI	5
10. sæti CITROEN BERLINGO	4
11. sæti MITSUBISHI LANCER	4
12. sæti SUBARU LEGACY	4
Samtals	84

Heimild: Ríkislögreglustjóri



„Hjá PwC fann ég þetta spennandi
alþjóðlega umhverfi“ ...

Áslaug Rós Guðmundsdóttir, nemi í endurskoðun

... „Starfið hjá PwC er ennþá fjölbreyttara en ég þorði að vona. Það kitlar líka metnaðinn að vinna hjá stærstu endurskoðunarkeðju í heimi - með ótal möguleikum á alþjóðlegri reynslu. Þetta er flott fyrirtæki sem býður upp á krefjandi verkefni og öfluga fræðslustefnu. Vinnukúltúrin er mjög manneskjulegur, hér horfa menn fyrst á gæðin, svo á magnið.

Ég er á seinna ári í mastersnámi í reikningshaldi og endurskoðun við HR en vinn á sama tíma fulla vinnu hjá PwC. Það gengur vel að sameina námið og vinnuna. Svo nýtast mér ýmis verkefni í skólanum sem ég er að sinna í vinnunni. Þetta gæti ekki verið betra“.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 



VANDINN EKKI BUNDINN VIÐ UNDIRMÁLSLÁN Fannie Mae og Freddie Mac áttu lögum samkvæmt ekki að geta keypt svokölluð „undirmálslán“. Hrun fasteignamarkaðarinnar hefur hins vegar orðið til þess að örugg lán hafa tapast. AFP/MARKAÐURINN

Hriktir í stoðum fjármálakerfis Bandaríkjanna

Fjárhagsvandræði bandarísku fasteignalánasjóðanna Fannie Mae og Freddie Mac hafa mikið verið til umræðu að undanfögnu, enda eru þeir tvær af mikilvægustu stoðum bandarísku fjármálalífs. Magnús Sveinn Helgason fer yfir sögu sjóðanna og aðdraganda núverandi vandræða.

Stofning Fannie Mae (Federal National Mortgage Association) var hluti „New Deal“ Franklins Roosevelt, en hann lagði í raun grunninn að stofnanaumhverfi fjármálakerfis Bandaríkjanna. Roosevelt setti einnig á laggirnar tvær aðrar stofnanir sem hafa mikið verið í fréttum undanfarið, Fjármálaeftirlit Bandaríkjanna, SEC, og Innlánatryggingastofnunin, FDIC. Það er því ekki að undra að fréttaskýrændur í Bandaríkjunum hafi sagt að atburðir síðustu vikna kunni að marka ákveðin tímamót í sögu bandarísku fjármálalífs.

Hlutverk Fannie Mae er að auðvelda bönkum aðgengi að lausafé með því að kaupa af þeim fasteignaskuldabréf einstaklinga og auðvelda almenningi að eignast eigin húsnæði. Freddie Mac (Federal Home Loan Mortgage Corporation) var stofnað 1970 og hefur sama hlutverk.

Bæði félögin eru alfarið í einkaeigu, en Fannie Mae var einkavætt 1968. Félögin teljast þó „Government Sponsored Entities“ og fylgja því mun frjálslægri reglum en aðrar fjármálastofnanir og eru að auki undanþegin ýmsum sköttum og opinberum gjöldum. Þótt skýrt sé kveðið á um það í lögum að félögin njóti ekki ríkisábyrgðar hafa fjárfestar gengið út frá því að ríkið sé í raun í ábyrgð fyrir félögin, sem hefur gert þeim kleift að taka lán á mun hagstæðari kjörum en ella.

Þessi ríkisábyrgð hefur oft verið gagnrýnd, og því haldið fram að hún hafi ýtt undir áhættusaman rekstur, því meðan hagnaður félaganna lendi í vasa stjórnenda og hluthafa muni skattgreiðendur þurfa að bera tapið.

„OF STÓR TIL AÐ FARA Á HAUSINN“ Félögin leika lykilhlutverk á eftirmarkaði með fasteignatengd skuldabréf, en þau gangast í ábyrgðir fyrir fasteignaveð einstaklinga. Síðan 1971 hafa félögin pakkað þeim saman í markaðshæf verðbréf, sambærilegum húsbrefum Íbúðalánasjóðs.

Fasteignaskuldabréf Fannie Mae og Freddie Mac hafa verið talin mjög örugg og eru ein útbreiddustu verðbréf Bandaríkjanna. Útistandandi eru 5.200 milljarðar Bandaríkjadalara í slíkum bréfum, sem eru stór hluti verðbréfasafna margra bandarískra banka. Áætlað er að félögin séu í ábyrgð fyrir, eða eiga, um helmingi allra húsnæðislána í

Bandaríkjunum. Ef félögin komast í greiðsluþrot myndi það því hafa alvarlegar afleiðingar fyrir bandaríska fjármálakerfið og fasteignamarkaðinn.

Núverandi stærð félaganna er þó nýtilkomin. Í upphafi níunda áratugarins var markaðshlutdeild þeirra rétt tæp 10 prósent, en var komin upp í 53 prósent skömmu eftir aldamót. Vöxturinn var þyrnir í augum annarra fjármálastofnana og repúblikana sem töldu að Fannie og Freddie nytu ósanngjarns markaðsforskots.


Því hefur verið haldið fram að hraður vöxtur þeirra á tíunda áratugnum og fyrst upp úr aldamótum hafi kynt undir verðhækkunum á húsnæðismörkuðum, en bent hefur verið á að þau hafi dregið úr útlánum rétt um það leyti sem húsnæðisverð tók að hækka hvað hraðast. Í kjölfar bókhaldsskandala sem komu upp hjá félögunum voru settar hömlur á vöxt þeirra.

Þannig féll markaðshlutdeild þeirra hratt eftir 2003 og var komin niður í 40 prósent í árslok 2006, en í millitíðinni varð sprenging í útgáfu banka á svokölluðum „undirmálslánnum“. Samkvæmt bandarískum lögum teljast fasteignalán „undirmálslán“ (e: sub-prime) ef þau uppfylla ekki skilyrði Fannie og Freddie um veðhæfi.

Félögunum líkaði þó illa að tapa markaðshlutdeild og missa af arðvænlegum viðskiptum. Þau gerðu því sitt ýtrasta til að ganga á sveig við reglur sem bönnuðu þeim að taka þátt í markaðnum með undirmálslánnum. Fannie og Freddie keyptu einnig skuldavafninga banka, sem oft innihéldu hátt hlutfall undirmálslána. Mörgum spurningum er ósvarað um öryggi fasteignaveða sem félögin eiga, en á mánudag sagði Henry Paulson í viðtali við New York Times að hafin væri opinber rannsókn á bókhaldi þeirra.

HÚSNÆDISKREPPAN SEGIR TIL SÍN

Þegar lánsfjárekreppan skall á vorið 2007 og bandarískir bankar drógu sig út af fasteignalánamarkaðnum leituðu stjórnvöld til Fannie og Freddie til að styðja við fasteignamarkaðinn. Nú er svo komið að félögin eru nánast ein á eftirmarkaði með veðskuldabréf, en í upphafi ársins fjármögnuðu þau 80 prósent nýrra húsnæðislána. Ef félögin hætta að geta sinnt þessu hlutverki er óttast að fasteignamarkaður í Bandaríkjunum þorni alveg upp.



Þó að lán sem Freddie og Fannie veita eigi undir venjulegum kringumstæðum að vera nokkuð örugg hefur hrun á húsnæðismörkuðum vestra orðið til þess að fasteignir sem keyptar voru þegar verð var í hámarki fallið um allt að 30 prósent í Kaliforníu og 17 prósent á landsvísi, og lán sem undir venjulegum kringumstæðum ættu að vera traust hafa í vaxandi mæli tapast. Talið er að fasteignaverð í Bandaríkjunum kunni að lækka um allt að þriðjung í viðbót, og því hvergi nærri séð fyrir endann. Þá stefnir í að mörg lántryggingarfélag verði gjaldþrota, og Fannie og Freddie þurfi því sjálf að bera mikið af tapinu.

Síðustu tólf mánuði hafa félögin tapað 12,7 milljörðum dollara vegna tapaðra lána. Greiningardeild Goldman Sachs áætlaði í vikunni að tap félaganna yrði 53 milljarðar til viðbótar. Bent hefur verið á að sú tala sé í varkárasta lagi, því talið er að af þeim 170 milljörðum sem félögin eiga af skuldavafningum undirmálslána muni minnst 50 milljarðar tapast.

Í ljósi þess hversu lítið uppgreitt hlutfé þeirra er, samtals tæpir 70 milljarðar dollara, er ljóst að félögin mega ekki við slíku tapi. Fyrr í mánuðinum lýsti greiningardeild Lehman Brothers

því yfir að félögin þyrftu að afla 75 milljarða í nýju hlutfé til að standa straum af fyrirséðum afskriftum og tapi.

VANDINN LÖNGU PEKKTUR

Eftir gjaldþrot Bear Sterns í vor tók fjármálaráðuneytið að þrýsta á stjórnendur Fannie Mae og Freddie Mac að auka hlutfé félaganna. Þessar umræður báru engan árangur, og því tók fjármálaráðuneytið í upphafi mánaðarinnar að undirbúa neyðaráætlun kæmi til þess að félögin sigldu í strand. Á föstudaginn fyrir viku kvísuðust út fréttir af þessum aðgerðum, og í kjölfarið hrundu hlutabréf félaganna. Á fáeinum klukkutímum féll verð þeirra um 47 prósent, en í lok viðskipta var verðið 75 prósentum lægra en í upphafi árs. Lægra hlutabréfa-verð gerir að verkum að erfíðara og dýrara er fyrir félögin að afla sér nýs fjármagns, sem enn frekar veikir tiltrú markaðarinnar á þeim.

Sunnudaginn 13. júlí tilkynnti Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, loks um umfangsmiklar aðgerðir til að koma sjóðunum á réttan kjöl. Meginatriði aðgerðanna eru að ríkið fái heimild til að veita félögunum lán og kaupa nýtt hlutfé þeirra. Þá tilkynnti Seðlabanki Bandaríkjanna að lántökuheimildir félaganna

hjá bankanum hefðu verið hækkðar. Paulson, sem hefur verið gagnrýndur fyrir að vilja gefa félögunum óútfylltan tékka, lagði áherslu á að óvíst væri að leggja þurfi fyrirtækjunum til þetta fjármagn, en það væri mikilvægt að taka af allan vafa um að ríkið kæmi félögunum til bjargar ef í harðbakkann slægi.

Með þessu hefur Seðlabanki Bandaríkjanna, sem til þessa hefur fyrst og fremst verið nauðavari viðskiptabankanna, enn aukið við hlutverk sitt sem nauðvari fjármálakerfisins alls.

MISJAFNAR SKOÐANIR Á AÐGERÐUNUM

Demókratar hafa tekið vel í áætlun Paulsons, meðan margir repúblikanar hafa lýst áhyggjum af kostnaðinum og skynsemi þess að auka umsvif ríkisins á fjármagnsmörkuðum. Jim Bunning, öldungadeildarþingmaður frá Kentucky, fordæmdi aðgerðirnar sem „sósíalísma“ og sagði að það væri engu líkt en að hann hefði „vaknað upp í Frakklandi“. Demókratar hafa fyrir sitt leyti viljað nota tækifærið til að hengja ýmis skilyrði á aðstoðina og neyta þannig færiss á að akua eftirlit með félögunum.

Verð bréfa í félögunum hélt áfram að hækka í síðustu viku, en náði lágmarki á lok viðskipta á þriðjudag. Síðan þá hafa stærstu bankar Bandaríkjanna birt tiltölulega jákvæð árs hlutauppgjör, en við það hefur verð bréfa í Fannie og Freddie nær tvöfaldast. Þessar hækkningar hafa vakið vonir um að félögin þurfi ekki á ríkisstuðningi að halda. Stjórnendur félaganna hafa lýst því yfir að þeir vilji í lengstu lög komast hjá því að þiggja opinberan stuðning, af ötta við kvæðir sem honum mun fylgja. Fréttaskýrændur vestra telja þó ólíklegt að félögin geti lengur komið sér undan strangara eftirliti eða jafnvel gagngerri endurskipulagningu.

Í því sambandi hefur jafnvel verið nefnt að rétt væri að þjóðnýta fyrirtækin og leggja þau niður í núverandi mynd. Ríkið ætti síðan að selja einkafyrirtækjum þá hluta starfseminnar sem heyrir undir venjulegan samkeppnisrekstur en halda eftir hluta sjóðanna sem þá myndi sjá um „félagslega þáttinn“, það er að lána fólki sem á erfitt með að fá lán í bönkum. Undanfarnir ár hafi sjóðirnir einmitt vanrækt þessa viðskiptavini, sem hafi verið beint að „undirmálslánnum“ bankanna.

Endurvinnum – umhverfisins vegna



Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Kalla eftir sameiginlegu átaki allrar þjóðarinnar

Tveir af yngri kynslóð alþingismanna, sjálfstæðismennirnir Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, segja þörf á gríðarlegu átaki allra landsmanna til þess að komast út úr þeim vanda sem nú er uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Næstu tólf til átján mánuðir verði þjóðinni mjög erfiðir. Þeir viðurkenna að ákveðin mistök hafi verið gerð í hagstjórninni á síðustu árum, en segja í samtali við *Björn Inga Hrafnsson* viðskiptaritstjóra að nú sé mikilvægasta verkefnið að tryggja að hagvöxtur verði hér á landi á næstu árum.

Mikla athygli vakti í febrúar, er þið félagarnir skrifuðu grein í Morgunblaðið þar sem lýst var áhyggjum af efnahagsástandinu og settar fram ýmsar tillögur til úrbóta. Síðan er tæplega hálf ár liðið og staðan hefur örugglega ekki batnað, hvorki hér heima né í hinu alþjóðlega umhverfi. Hvernig metið þið stöðuna nú?

Bjarni: „Það er vafur fyrir dyrum og það er mjög mikilvægt að það taki að birta til. Þetta eru ekki hagsmunir sem eru einangraðir við einhverja tiltekna atvinnustarfsemi og óháðir hagsmunum almennings, heldur er gríðarlegt hagsmunamál fyrir allt þjóðfélagið að okkur takist að vinna okkur út úr þeirri stöðu sem nú er uppi.“

Illugi: „Við búum við þær aðstæður að stýrivextir eru yfir 15 prósentum, verðbólga er mikil og við erum lent í þeirri stöðu að fyrirtækin í landinu, sem gátu áður fjármagnað sig með erlendum lánum, hafa engin tækifæri til þess í dag. Af þessum sökum stefnir í mjög alvarlegar þrengingar í atvinnulífi þjóðarinnar á næstu mánuðum.“

HÆTTA Á AÐ ATVINNULÍFI BLÆÐI ÚT

Seðlabankinn hefur í tvisgang haldið stýrivöxtum óbreyttum í 15,5 prósentum og jafnframt sagt að lækkunarferli hefjist mun síðar en áður hafði verið vænst. Atvinnulífið segist ekki þola slíkt vaxtastig. Er ekki hættu á að því blæði hreinlega út?

Illugi: „Jú, það er nú staðan. Seðlabankinum er þetta auðvitað fullljóst. Þeir hafa sagt: Við verðum að hafa vextina svona háa til þess að gengið falli ekki. Sú stefna er alveg skýr af hálfu bankans og ég sé ekki að því verði breytt á næstu vikum eða mánuðum. Það sem skiptir þá öllu máli er að geta hjálpað bankanum að skapa þær aðstæður að vaxta-lækkunarferli geti hafist. En bankinn býr líka við þá áhættu að hávaxtastefnan ein og sér leiði til enn frekari gengisfellingar en þegar er orðin. Ef samdrátturinn verður verulegur og hagkerfið veikist mikið þá mun gengið falla í kjölfarið, alveg sama þó að vextirnir séu háir. Jafnframt mun alvarlegur samdráttur í hagkerfinu leiða til þess að íslensku bönkunum mun ganga enn verr að fjármagna sig erlendis og þar með mun kreppan dýpka enn. En um leið er líka hættulegt að fara í lækkun vaxta í þessari stöðu því það kann þá að reyna mjög á gengið og jafnframt myndu neikvæðir raunvextir höggva skörð í sparnaði í landinu. Við erum því miður komin í þá bölvánlegu stöðu að þær tvær leiðir sem eru í boði eru báðar mjög hættulegar og geta reynst mjög erfiðar fyrir íslenskt þjóðarþú. Þetta eru í grófum dráttum valkostirnir sem við höfum.“

VÍTAHRINGUR JÖKLABRÉFANNA

Hundruð milljarða eru nú bundin í svonefndum jöklabréfum. Stór hluti þeirra er á gjalddaga á næstu vikum og mánuðum. Spilar það ekki inn í gengismálin og stýrivexti Seðlabankans?

Illugi: „Jú, og við verðum að komast út úr þessari stöðu. Það er vont að hundruð milljarða séu hér í hagkerfinu vegna spákaupmennsku aðila sem gera út á vaxtamun milli landa og skeyta í engu um afkomu þjóðarinnar eða framtíð hennar. Við verðum að komast út úr þeim vítahring og fá þess í stað erlenda fjármuni í formi langtíma fjárfestingar. Ég tel að peningamálastefna Seðlabankans hafi lent í miklum ógöngum, því þegar haldið var af stað með verðbólgu markmiðið var hugsunin þessi: vextirnir eiga að hafa áhrif á hagkerfið sjálft, en gengið á að ráðast á markaði. Nú erum við komin í þá erfiðu stöðu að nota vextina fyrst og fremst til þess að stýra genginu og það kallar á endurmat peningamálastjórnarinnar. Auðvitað er hægt að stöðva verðbólgu með því að drepa hagkerfið með vöxtum en það er ekki ásættanleg niðurstaða.“

Hvernig getum við Íslendingar unnið okkur út úr þessum þrengingum?

Bjarni: „Ég tel að við séum komin að ákveðnum tímamótum. Við höfum upplifað langt hagvaxtar-skeið með mjög háu atvinnustigi, stöðugum vexti kaupmáttar og uppgangi á flestum sviðum. Nú gerist það í lok þessa mikla framkvæmdatímabils sem staðið hefur yfir í tengslum við virkjanir og álver að skilyrði á erlendum lánamörkuðum eru mjög erfið á sama tíma og vextir eru í hæstu hæðum. Gleymum því ekki að við höfum einnig þurft að skera niður

þorskkvóta. Það má því segja að sótt sé að okkur úr mörgum átum í einu. En allar þrengingar fela í sér ákveðin tækifæri. Við förum í tiltekt í kerfinu, styrkjum stöðirnar, förum í ákveðna naflaskoðun og það skapast andrúmsloft til að ræða í víðu samhengi í hverju styrkleikar okkar og tækifæri liggja.

Verkefni okkar á næstunni er að viðhalda hér hagvexti. Þegar aðgangur að erlendu lánsfé verður aftur greiðari munu þau hagkerfi sem eiga blómlegustu framtíðina fyrir sér lenda frammar í röðinni en hin sem horfa fram á stöðnun eða lítinn sem engan hagvöxt. Þess vegna skiptir gríðarlegu máli fyrir atvinnulífið í landinu og eins með tilliti til fyrirhugaðrar lántöku ríkissjóðs í útlöndum og þau lánakjör sem þar verða í boði, að hægt sé að sýna fram á að íslenskt hagkerfi horfi ekki fram á langvarandi stöðnunarskeið heldur sé það þvert á móti trúverðugt og líklegt til að braggast skjótt, eflast á ný og viðhalda vexti.

STJÓRNVÖLD VERÐA AÐ TALA SKÝRT Í ORKUMÁLUNUM

Það er augljóst að við hljótum í þessu tilliti að horfa til nýtingar náttúruauðlinda okkar, því þar höfum við sannanlega forskot á aðrar þjóðir. Við skulum halda áfram nýsköpun og reyna að stækka flóruna af atvinnustarfsemi í landinu en blekkjum okkur ekki með því að við séum slíkir snillingar umfram aðrar þjóðir að við höfum efni á því að líta fram hjá tækifærum sem standa okkur næst. Við núverandi aðstæður tel ég afar mikilvægt að frá pólitíkinni komi alveg skýr rödd um hvert ferðinni sé heitið. Í orkunýtingarmálum eru spennandi og vænleg verkefni á teikniborðinu og sægur tækifæra. Þegar er búið að taka skóflustungu að álveri í Helgúvík, jafnframt því sem mikill undirbúningur hefur átt sér stað vegna álversins sem fyrirhugað er á Bakka við Húsavík. Þetta eru hvort tveggja verkefni sem verður að greiða fyrir eftir því sem kostur er. Það má engum blandast um það hugur að það sé stjórnmöldum á Íslandi hugnanlegt að þau verði að veruleika. Hik og hálfkák er það síðasta sem við þurfum á að halda.“

Illugi: „Við verðum einmitt að senda mjög skýr og afdráttarlaus skilboð um þetta út í alþjóðasamfélagið. Ef við siglum inn í mikla kreppu er sú hættu auðvitað fyrir hendi að alþjóðlegir lánveitendur ákveði að lána ekki íslensku bönkunum peninga, þegar ljóst sé að hagkerfi þeirra sé á leiðinni niður. Síðan skulum við ekki gleyma því að fjárfesting í orkuöflun og orkufrekum iðnaði er ekki einungis varnaraðgerð til að brjótast út úr núverandi vanda. Við Íslendingar erum orkuframleiðendur, heimurinn hrópar á orku, og við höfum það fram yfir flesta aðra að orkan er ekki flutt út í tunnum eins og olía, þeir sem vilja nýta hana verða að fjárfesta á Íslandi. Orkan okkar er hrein og endurnýjanleg og engin þjóð lætur annað eins tækifæri fram hjá sér fara. Og við eignum mikla möguleika sem matvælaframleiðendur, þar á sóknarfærunum bara eftir að fjölga á næstu árum rétt eins og í ferðaþjónustu, líftækni og í menningu. Reyndar skiptir það höfuðmáli fyrir okkur að það verði hægt að auka þorskafla á næstu árum. Það styrkir útflutninginn og það er lífsnauðsynlegt fyrir landsbyggðina að auka tekjurnar í sjávarútvegi. Öflug framleiðsla og útflutningur ásamt traustum fjármálamarkaði býr til ramma utan um nýsköpun, þróun og þekkingu. Síðast en ekki síst þá grundvallast stöðugur gjaldmiðill á öflugum og stöðugum hagkerfi.“

Bjarni: Þetta er þeim mun augljósara þegar haft er í huga að skuldlaus ríkissjóður hefur á þessu ári ekki átt greiddan aðgang að lánsfé á viðunandi kjörum. Þegar horft er til þeirrar ótrúlegu staðreyndar sést auðvitað hversu mikið þarf að koma til eigi að takast að sannfæra lánveitendur og fjárfesta erlendis.“

BANKAR STOFNI KANNSKI DÓTTURFÉLÖG ERLENDIS

Illugi: „Við verðum síðan að halda áfram tiltektinni sem er þegar hafin í hagkerfinu og jafnframt að styrkja Seðlabankann þannig að hann geti sinnt betur hlutverki sínu sem uppspretta lausafjár fyrir bankakerfið. Bankarnir verða að halda áfram sinni vinnu og skoða allar leiðir til að létta álagið á hagkerfinu, til dæmis að stofna sérstök dótturfélög um

tiltekna starfsemi sína erlendis. Jafnframt er nauðsynlegt að það verði sameiningar á íslenskum fjármálamarkaði og það sem fyrst, það eru allt of margar fjármálastofnanir með starfsemi hér, færri og stærri einingar eru líklegri til að standa af sér þá storma sem nú geisa.“

Bjarni: Hér skiptir líka máli að fjármálaeftirlitið hafi nauðsynlegan stuðning og öllum vafa um getu þess til að fylgja eftir stækkun bankanna og sinna sínu hlutverki sé eytt. Fjármálaeftirlitið hafa vaxið hratt og skapað mörg vel launuð störf á Íslandi. Nú kreppir að hjá þeim og við eignum að bregðast við með því að styrkja umhverfi þeirra og umgjörð.

Stóriðja hefur verið mjög umdeild hér á landi. Er pólitískur vilji fyrir því innan ríkisstjórnarflokkanna að fara í þá uppbyggingu sem þið teljið nauðsynlega? Myndi þetta ekki kalla á fleiri umdeildar virkjanir? Þolir samstarfið það?

Illugi: „Það má vera að það sé einhver áherslunundur í þessum efnum milli flokkanna. En ég held að við þær aðstæður sem við búum við núna væri fullkomlega óábyrgt að klára ekki þessi mál skynsamlega. Upp á síðkastið hefur Samfylkingin verið gagnrýnd fyrir að hafa horfið frá kosningastefnu sinni um Fagra Ísland, en ég held að sumir hafi lesið þá stefnu eins og skráttinn Biblíuna forðum. Nýting umhverfisvænna orkugjafa er í engri þversögn við þá stefnu. Þvert á móti getur hún að mörgu leyti verið leiðarvísir um hvernig haga beri hinni nýju orkusókn án þess að hlutur náttúru og náttúruverndar sé fyrir borð borinn. Margt í henni fellur ágætlega að hugmyndum okkar „hægri grænna“ og í þeim efnum ber minna á milli stjórnarflokkanna en margir vilja halda.

Hvað með frekari jarðhitavirkjanir á vegum Orkuveitunnar á Hellisheiði. Meirihluti ykkar sjálfstæðismanna og F-lista virðist hafa tekið Bitruvirkjun út af borðinu, þrátt fyrir að hún hafi verið lengi á teikniborðinu?

Bjarni: „Mín skoðun er sú að í þeim efnum hafi menn einfaldlega hlaupið á sig. Ég trúi því að áður en mjög langt um liður muni menn átta sig á því og vinda ofan af þeirri ákvörðun og taka aftur til við virkjanir á Hellisheiðinni. Þar er nægur jarðhiti.“

Illugi: „Ég er sammála þessu.“

Hvað með þá gagnrýni að uppbygging stóriðjunnar hafi sem slík verið helsti þensluvaldurinn?

EIGUM AÐ LÆRA AF REYNSLUNNI

Bjarni: „Þetta sjónarmið hefur auðvitað mikið verið notað í áróðri gegn frekari orkusókn. Að þá haldi þenslan bara áfram og allt annað líði fyrir með tilheyrandi sveiflum og ójafnvægi. Þannig þarf það alls ekki að vera. Í fyrsta lagi getum við horft til reynslunnar í þeim efnum og lært af þeim mistökum sem gerð hafa verið. Við förum auðvitað með augun opin í framkvæmdir á Austurlandi í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og töldum að við myndum fást við viðráðanlegt hagstjórnarverkefni á framkvæmdatímanum. Í framhaldinu fóru ákveðnir þættir úrskaiðis, annað setti óvænt strik í reikninginn, einkum það sem tengist Íbúðalánasjóði og mjög bráttir innkomu bankanna á húsnæðismarkaðinn. Vextir risu líklega af hátt á tímabili með tilheyrandi styrkingu krónunnar. Þetta hafði allt þensluhvetjandi áhrif. Til viðbótar streymdi ódýrt, erlent lánsfé inn í landið sem aldrei fyrr og fjármagnaði þannig útrás margra fyrirtækja. Ég tel mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því, að við eignum ekki í fyrirsjáanlegri framtíð eftir að sjá slík lánskjör í boði. Ég hef engan hitt í fjármálakerfinu sem gerir ráð fyrir að íslensku viðskiptabankarnir muni aftur geta sótt sér langtímafjármuni með útgáfu skuldabréfa með tuttugu eða þrjátíu punkta álagi. Bara það eitt og sér lítur allt öðruvísi út til framtíðar lítið. Skynsamleg tímasetning fyrirhugaðra framkvæmda, ásamt með því að dregin séu lærdómar af framkvæmdatímabilinu fyrir austan, ætti að koma í veg fyrir óæskilegri áhrif slíkra stórfamkvæmda á efnahag landsins en draga fram þess í stað meiriháttar ávinning fyrir þjóðarþú. Það er því fullt svigrúm fyrir orkufrékar framkvæmdir í hagkerfinu og við megum ekki gleyma því að slíkar fjárfestingar skila arði, vel launuðum störfum og vexti fyrir þjóðfélagið til langs tíma.“



FARID YFIR EFNAHAGSMÁLIN
Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, ræða hér hugmyndir sínar um framvindu efnahagsmála við Björn Inga Hrafnsson viðskiptaritari stjóra á Markaðnum. Þeir segja útséð um framtíð krónunnar náist ekki að hemja sveiflurnar í gengi hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

AFLETTA LEYND AF RAFORKUVERÐI

En hvað með gagnrýni á niðurgreidda stóriðju. Höfum við ekki selt raforkuna allt of ódýrt?

Bjarni: „Menn hafa auðvitað sitthvað til síns máls í því að í gegnum árin voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að laða að erlenda fjárfestingu, meðal annars á skattasviðinu. Það átti fullan rétt á sér á þeim tíma, enda nánast engin erlend fjárfesting í þessu landi. Nú er umhverfið annað. Fyrir skemmstu sóttist ÍSAL eftir því að komast inn í almenna skattkerfið því það var orðið hagstæðara en þær sértæku ráðstafanir sem gerðar voru fyrir fyrirtækið á sínum tíma. Þetta segir sína sögu. Varðandi raforkuverðið þá er það mín skoðun að það væri langheppilegast að raforkuverð til stóriðju væri uppi á borðum en ekki sveipað leyndarhjúp, en hér þarf líka að taka tillit til viðskiptahagsmuna.“

Illugi: „Það er eðlilegt að þetta fyrirkomulag hafi sætt gagnrýni, enda er barna um að ræða opinber fyrirtæki sem verðleggur náttúruauðlindir okkar. Ég vil því nota tækifærið og draga úr umsvifum ríkisins og nýta afl einkageirans, ekki sist við stórar áhættufjárfestingar af þessu tagi. Þar tel ég að ný orkulög komi að gagni, nú þegar lögfest hefur verið að orkulindirnar sjálfar verði áfram í opinberri eigu. Þá ætti kannski að vera pólitískt mögulegt að breyta til. Hvað varðar rafmagn til stóriðju liggur fyrir að verðið hefur hækkað mjög á undanförunum árum, enda er það meðal annars tengt álverði. Sumir telja að alls ekki eigi að virkja núna, því orkuverð muni hækka svo mikið í framtíðinni, en samkvæmt því ættum við aldrei að virkja á meðan orkuverð fer hækkanði. Það er munur á takmörkuðum orkuauðlindum og endurnýtanlegum í þessu sambandi. Þorri íslenskar orku er endurnýtanlegur og þar höfum við forskot og þekkingu, sem við eigum að nýta og koma á framfæri, líkt og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðgjafi er óþreypandi við að nefna. Við sjálfstæðismenn höfum talað mjög skýrt fyrir ákveðinni nýtingu innan skynsamlegra marka. Vissulega viljum við sýna varkárni, en nýting og náttúruvernd eru ekki andstæðir pólur. Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar verður að haldast í hendur við virðingu fyrir náttúrunni. Okkur sjálfstæðismönnum þykir ekki síður vænt um náttúru landsins en þeim sem hafa reynt að eigna sér náttúruvernd í landinu. En þetta tvennt, vernd náttúrunnar og nýting hennar á að fara saman og verður að fara saman.“

Eru erfiðleikarnir í efnahagslífinu ekki mikið áfall fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sem fer nú með forystu í ríkisstjórn og hefur verið mjög lengi við völd? Varla áttuð þið von á þessari stöðu þegar þessi ríkisstjórn tók við, með svo sterkan þingmeirihluta?

Illugi: „Já og nei. Við áttum ekki von á að staðan yrði jafn erfið og raun ber vitni, enda þótt ýmsir hafi fyrir löngu verið búnir að benda á að framundan gætu verið erfiðir tímar. Alls kyns hættumerki blöstu vissulega við, mikil skuldsetning íslenskra fyrirtækja erlendis, það má segja að eigið fé hafi dottið úr tisku og viðskiptahallinn var mikill. Í baráttunni við verðbólgu náði vaxtastefna Seðlabankans til þess að inni í landið var dælt fleiri hundruð milljörðum og þar með styrktist gengið um of. Of sterkt gengi dró máttinn úr útflutningsatvinnuvegunum en fjármagnaði útrásina með gjaldreyri á lágu verði og eins tryggði sterkt gengi ódýrt verðlag á innfluttum vörum og bjó þannig til falskan kaupmátt. Jafnframt var ekki nægjanlega þétt

samband á milli peningamálastefnunnar og ríkisfjármálanna. Það hlaut því að koma einhver leiðrétting og sú leiðrétting er harkaleg. Vandinn hefur síðan magnast upp vegna alþjóðlegru lánsfjárræppunar og vaxandi verðbólgu í heiminum. Á hinn bóginn verður að muna að á undanförunum áratug og hálfum hefur náðst mikill árangur í efnahagsmálum þjóðarinnar, lífskjör Íslendinga hafa batnað gríðarlega, grundvöllur efnahagsstarfseminnar er miklu breiðari og sterkari en áður og Sjálfstæðisflokkurinn hefur veitt forystu í þeim málum. En eins og alltaf þegar kreppir að í efnahagsmálum verða afleiðingarnar sérstaklega sárar fyrir þá sem minnst hafa á milli handanna og græddu ekki peninga í allri þessari bólu, auðvitað er sárt fyrir þá einstaklinga að þurfa nú að þola verðbólgu og okurvexti. Við þurfum eins og hægt er að gæta að hlut þeirra á sama tíma og tekist er á við efnahagsvandann. Þetta er því erfitt próf sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir, en ég hef alla trú á að ríkisstjórnarflokkarnir standist það.“

Bjarni: Það er ekki heldur hægt að horfa fram hjá því að önnur ríki glíma líka við miklar efnahagslegar þrengingar. Við sjáum ástandið í Bandaríkjunum. Viða í Evrópusambandinu er efnahagslegt óveður og þung undiralda. Við þurfum ekki að leita lengra heldur en til Danmerkur, en þar eru blikur á loftir í efnahagslífinu, vandi í fjármálakerfinu, minnkandi hagvöxtur og vaxandi verðbólga. Þannig að aðstæður eru alls ekki einstæðar hér á landi, enda þótt staða okkar sé erfið og sérstök í ljósi smæðar hagkerfisins og alþjóðlegra kringumstæðna. Við verðum sem þjóð og sem sjálfstætt hagkerfi að geta brugðist við slíkum atburðum.“

KRÓNAN HEFUR VALDIÐ MIKLUM VANDRÆÐUM

Íslenska krónan á sér orðið fáa formælendur. Jafnvel sjálfstæðismenn sem eru á móti Evrópusambandinu, virðast skynja að sjálfstæður gjaldmiðill kunnir að vera of dýru verði keyptur. Hver eru ykkar skilaboð til þeirra sem glíma við þessar gengissveiflur og eru að berjast við að reka fyrirtæki og heimili?

Illugi: „Þau eru þessi: Staðan er erfið og það verða allir að taka höndum saman. Á næstu tólf til átján mánuðum þarf sameiginlegt átak allrar þjóðarinnar og mjög mun reyna á íslenskt hagkerfi á þessum tíma. Við munum ekki geta leyst þann vanda með því að stefna á upptöku annars gjaldmiðils, eðli vandans er einfaldlega þannig. Ég tel að reynt hafi verið að koma því inn hjá þjóðinni að til sé einhver einföld, sársaukalaus leið út úr vandræðunum og þá verði allt í himnalagi. Það finnst mér vera mikill ábyrgðarhlutur. Bankarnir verða að gera allt til að auðvelda hagstjórnina, Seðlabankinn og ríkisstjórnin verða að gera sitt, atvinnurekendur verða að stilla verðhækkunum í hof og verkalyðshreyfingin að sýna áfram þá ábyrgð sem forystumenn þar á bæ hafa sýnt á undanförunum árum. Allir þessir aðilar verða að vinna náið saman á næstu mánuðum. En það er eðlilegt að þessi umræða komi upp um gjaldmiðilinn okkar. Sveiflurnar á krónunni hafa verið alltof miklar og takist okkur ekki að vinna bug á því, takist ekki að koma fótunum undir trúverðuga peningamálastefnu, og ég trúi að við getum gert það, þá verður að skoða aðrar leiðir.“

Bjarni: „Það sjá allir og við verðum bara að viður-

kenna að krónan hefur valdið okkur miklum vandræðum vegna þess hve óstöðug hún hefur verið. Hún sveiflaðist mikið árin 2001, 2006 og tók aftur dýfu á þessu ári. Fyrri sveiflurnar gengu hratt yfir en þetta eru of miklar sveiflur á svo stuttu tímabili. Við vitum að sjálfstæð lítil mynt mun sveiflast en kostirnir við sjálfstæða peningamálastjórn og sveigjanleikann sem henni fylgir verða að vegna upp ókostina af þessum sveiflum. Eins og málum er nú hátt að er vafasamt að svo sé. Þess vegna er brýnt að við förum yfir veikleikana á núverandi fyrirkomulagi og skoðum hvornig við getum styrkt peningamálastjórnina. Þá niðurstöðu má síðan bera saman við aðra valkosti sem hafa verið í umræðunni eins og nýja mynt eða mynttengingu. Á hinn bóginn verður enn og aftur að minna á að það er ekki til neinn gallalaus valkostur við krónuna. Írar, Ítalir og fleiri ESB-þjóðir telja evruna til vandræða fyrir sig í dag vegna aðstæðna í þeirra hagkerfi.

Þegar öllu er á botninn hvolt er þetta þannig að sá sveigjanleiki sem fylgir krónunni kallar á meiri aga í hagstjórn og fyrirtækjarekstri heldur en við höfum búið við undanfarin ár. Í umræðu um ESB kemur oft fram að menn hafa misst trúna á því að við getum beitt þessum aga og þess vegna sé best að hann komi einfaldlega að utan með evrunni. Þessu er ég ósammála en við þurfum vissulega að þetta þessa hluti mjög hjá okkur. Það er athyglisvert hversu hratt tónninn hefur breyst í atvinnulífinu í þessum gjaldmiðilsmálum. Mér sýnist að margir hafi gert upp hug sinn án þess að umræðan um styrkingu á núverandi fyrirkomulagi hafi verið klárud.“

Hvornig sjáið þið haustið og veturinn fyrir ykkur í stjórnmalunum. Þarf ekki að skera niður í fjárlagagerðinni, standa fast á bremsunni?

Illugi: „Á undanförunum árum hefur ríkisreksturinn þanist út og það hefur skapað vandamál í hagkerfinu. Nú blasir við að geta okkar til að auka við útgjöld til velferðarmála hefur veikt mjög, fjárlagagerðin verður þess vegna erfið. Við þurfum líka að líta betur á fjárlögin og þátt þeirra í hagstjórninni. Við nefnum til dæmis gjarnan að aðhaldsstig þeirra sé hátt vegna þess að afgangurinn hefur verið mikill. En hluti af þessum afgangi hefur orðið til vegna skatttekna sem komu til vegna starfsemi íslenskra fyrirtækja erlends og hefur því lítið að gera með aðhaldið hér heima. Tekjuafgangurinn getur því verið nokkuð blekkjandi. En þó það séu skaflar fram undan og mörg erfið verkefni bíði, þá er engin ástæða til að örvænta. Það eru allar forsendur fyrir því að við getum leyst þann vanda sem stöðjar að, við eigum miklar auðlindir, við búum við rótgróið lýðræði og við erum framtakssöm og úræðagóð. En allt sem dregur athyglina frá þessu verkefni er til bölvunar.“

Bjarni: „Í mjög einfölduðu máli snýst verkefnið um að verja kaupmátt og atvinnustigið á Íslandi eins vel og við getum og á næstu mánuðum þurfum við að snúa vörn í sókn. Fjárlagagerðin þarf að styðja við þá vinnu. Það hefur skort á samhæfingu á milli ríkisfjármálanna og peningastefnunnar og við höfum ekki efni á því lengur. Við Íslendingar stöndum frammi fyrir vanda, sem varðar alla þjóðina, og eins og áður munum við vinna okkur út úr honum. Það mun kosta þolinmæði, áræði og framsýni en við höfum góðan grunn að byggja á. Ég kvíði engu í þeim efnunum og er sannfærður um að verkefnið leysist farsælega.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Þjóðin þarf að hafa fleira í erminni en virkjanir. Nú er ráð að undirbúa jarðveginn fyrir fleiri stöðir hagkerfisins.

Hvað líður fjármála- miðstöðinni alþjóðlegu?

Óli Kristján Ármannsson

Ekki er ofsagt að nokkrar hremmingar plagi nú atvinnulíf þjóðarinnar. Efnahagslífið er í harðri lendingu og þarf ekki mikla spámenn til að sjá fyrir aukin gjaldþrot og uppsagnir áður en yfir lýkur.

Þá má ljóst vera að leitað verður leiða til hagræðingar þegar fyrirtæki renna saman, líkt og viðbúið er að raunin verði með SPRON og Kaupþing. Ljóst er að margur fjárfestir hefur tapað miklu á bréfum SPRON og fjölmargir vonsviknir með þróun mála þar á bæ. Því er ef til vill ekki að undra að kjaftagangur aukist og jafnvel rógur um fyrirtækið, þegar jafnmargir eru brenndir.

Fólk sem heyrir raddir hefur gjarnan tilhneigingu til að hrópa þær á torgum. Við aðstæður sem þessar er hins vegar hollt að hafa í huga að jafnvel þótt fólk heyrir raddir er ekki endilega víst að þær beri í sér raunsanna mynd af stöðu mála.

Núna ríður á að finna leiðir út úr efnahagslæðinni og margir, svo sem viðmælendur í opnuviðtali blaðsins, sem telja að í þeim efnum sé nærtækast að horfa til orkuviðnáðarinnar þar sem forskot þjóðarinnar á aðrar þjóðir er augljóst. Vert er þó að velja fyrir sér hvort ekki þurfi meira að koma til en að keyra hagkerfið í nýja rússbanaferð virkjana og álframkvæmda. Þótt það kunni að vera gaman á uppleiðinni finnur fólk nú á eigin skinni hvernig líðanin er í lægðinni. Hér þarf að komast á meiri stöðugleiki þannig að bæði heimili og fyrirtæki geti með góðu móti gert áætlanir til framtíðar. Þá þarf meira að koma til en nýjar og umfangsmiklar framkvæmdir.

Á haustdögum 2006 skilaði skýrslu nefnd undir forystu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, sem ætlað var að fjalla um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi og samkeppnishæfni þjóðarinnar. Mikill uppgangur fjármálakerfisins hér og stórækid vægi fjármálafyrirtækja í hagkerfinu leiddi berlega í ljós hvers virði það væri fyrir samfélagið ef hér mætti byggja upp slíka miðstöð, ekki bara með tilliti til skatttekna, heldur einnig afleiddra tekna af umsvifum, fjölbreyttara atvinnuumhverfi og þar fram eftir götunum. „Hugmyndin um að efla alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi snýst um að veita hingað alþjóðlegu fjármagnshreyfingum, ná hingað höfuðstöðvum alþjóðlegra fyrirtækja og mynda tekjustrauma sem með hóflegri skattlagningu yrðu mikilvæg tekjulind fyrir íslenska ríkið og uppspretta nýrra og arðbærra sérfræðistarfa,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í ræðu sinni þegar hann kynnti skýrsluna.


Minna hefur svo borið á að hrint væri í framkvæmd þeim breytingum og umbótum sem taldar voru í skýrslu nefndarinnar forsendur þess að hér mætti byggja upp slíka miðstöð alþjóðlegra fjármála. Af því sem komist hefur af teikniborðinu mætti kannski helst nefna sástrengi sem tryggja eiga hér öryggi gagnaflutninga og svo fyrirleggjandi frumvarp á Alþingi um heimild til lífeyrissjóða til að lána hlutabréf.

Óstöðugt hagkerfi og miklar sveiflur gjaldmiðilsins eru hins vegar lítt fýsilegar aðstæður fyrir fjármálafyrirtæki og vert að rifja upp orð Sigurðar Einarssonar á aðalfundi Kaupþings í fyrra þar sem hann sagði að eftir því sem fjármálafyrirtækin hér yrðu alþjóðlegri þyrftu þau að geta fært fyrir því rök að hafa höfuðstöðvar sínar hér, til þess að „geta sannfært þá fjárfesta sem leggja enga merkingu í íslenskar rætur fyrirtækjanna“.

Alþjóðleg lausafjarkreppa og vantraust plaga fjármálafyrirtæki um heim allan og gera enn um sinn. Þegar út úr þessu tímabili kemur ráðast tækifæri þjóðarinnar og fjármálafyrirtækja sem hér starfa af þeirri umgjörð sem þessari starfsemi er hér búin. Hafi mönnum verið alvara með vangaveltum um alþjóðlega fjármálamiðstöð hér á landi er ljóst að nýta þarf tímann vel.

annas@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | bjornthor@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

BYLGJAN BER AF



Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

Talsamband við þjóðina

ORD Í BELG

Ólafur
Ísleifsson
lektor við
viðskiptadeild
Háskólans í
Reykjavík.



var í grófum dráttum að ofan er liðinn.

Gengi krónunnar hefur hrapað frá áramótum og fallið langt umfram það sem yfirleitt gerðist í gamla fiskihagkerfinu. Ekki af því að það væri stefna stjórnvalda heldur fyrir tilstilli markaðarins. Við því er lítið að segja nema það að tiltölulega fáir en sterkir aðilar geta haft veruleg áhrif á þennan markað sem einkennist af veikum innviðum. Stjórnarformaður íslensks stórbanka hefur nafngreint erlenda vogunarsjóði sem geta að einhverju leyti haft markaðinn í hendi sér. Þetta þýðir að íslensk fyrirtæki og heimili þurfa að beygja sig undir ákvarðanir um gengi krónunnar teknar á vettvangi erlendra spákaupmanna. Kannski innlendra líka að einhverju leyti.

Þessar staðreyndir eru vel þekktar. Óskorað peningalegt sjálfstæði er ekki lengur í höndum íslenskra stjórnvalda. Frjáls viðskipti á fjármálavæðingunni um það. Æ fleiri gera sér ljóst að íslenskt atvinnulíf hefur vaxið krónunni yfir höfuð. Frekari vöxtur og viðgangur þess, ekki síst fjármálageirans, mun ekki gerast eigi það að búa við krónuna sem sinn heimagjaldmiðil.



SMÁBÁTAR Í HÖFN Greinarhöfundur bendir í grein sinni á að gengi krónunnar hefur nú fallið langt umfram það sem yfirleitt gerðist í gamla fiskihagkerfinu.

ORDSKÝRINGIN

Veðkall

Veðkall er þýðing á enska heitinu „margin call“ og er meðal annars notað í verðbréfavíðskiptum. Veðkall er þegar sá sem veitir lán til verðbréfa-kaupa með veði í verðbréfunum þarf að kalla eftir auknum tryggingum fyrir láninu vegna þess að verðbréfin hafa fallið í verði. Algengt er að lánveitandinn krefjist þess að verðmæti

bréfanna sé meira en lánsfjárhæðin og er algengast að veðhlutfallið sé allt að 150 prósent af upphæð lánsins. Ef veðhlutfallið fer niður fyrir 125 prósent getur lán taki þurft að afla aukinna trygginga. Lántaki getur brugðist við veðkallinu með því að greiða inn á skuldina eða leggja fram aðrar eignir sem veð. Lánveitandi getur grip-ið til þvingaðrar sölu ef lán taki getur ekki

aflað aukinna trygginga og gert þannig upp lánssamninginn með söluandvirðinu. Veðsetningar og kaup af þessu tagi er oftast nefnt framvirkir samningar.

Veðköll eru eðli málsins samkvæm algengust þegar verð á hlutabréfum fer lækkandi. Gengi gjaldmiðla geta einnig valdið veðköllum, séu erlend lán tekin til hlutabréfakaupa. Samkvæmt Fjármálaeftirlitinu hafa veðköll vegna lána til hlutabréfakaupa hjá tíu stærstu fjármálafyrirtækjum landsins verið 850 talsins undanfarnar þrjár vikur.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Annas Sigmundsson, Björn Þór Arnarson, Guðný Helga Herberdsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókunum án endurgjalds.

MANNAUÐSMÁL

Uppsagnir og þeir sem eftir verða

Undanfarnar vikur hafa íslensk fyrirtæki gripið til uppsagna og jafnvel hópuþsagna vegna samdráttaráhrifa í efnahagslífinu. Þegar til slíkra uppsagna kemur snýst umræðan helst um þá aðila sem missa atvinnuna og þurfa hugsanlega að kljást við einhverja erfiðleika sökum þess að verða atvinnulausir. Minna hefur borið á umræðu um hugsanlega líðan og ástand þess starfsfólks sem er svo lánsamt að hafa haldið vinnu.

Það að hafa haldið starfi sínu þegar fyrirtæki neyðist til þess að draga saman seglin er ekki bara dans á rósum fyrir þá sem þurfa að halda skútunni áfram á floti. Starfsfólk horfir á eftir fyrrum vinnufélögum og jafnvel vinum yfirgefa starfsstöðvar sínar lotið í baki, því að uppsögn er vissulega áfall fyrir þá sem fyrir henni verða. Þrátt fyrir ákveðinn létti um að hafa komist undan niðurskurði, getur einnig borið á sektarkennd og sorg hjá þeim sem eftir verða. Slík tilfinningatögstreita getur reynst erfið viðureignar og haft áhrif á líðan og afköst starfsmanna.

Starfsmenn þurfa að halda áfram að vinna og jafnvel takast á við auknið álag í starfi sem brotthvarf fyrrum samstarfsmanna getur haft í för með sér. Því þrátt fyrir að til uppsagna komi þarf það ekki endilega að þýða að starfsemi fyrirtækis dragist mikið saman, öllu heldur eru það færri hendur sem þurfa að ljúka sömu verkefnum.

Einnig getur brotist út gremja á milli vinnufélaga sem halda störfum sínum vegna ótta við að verða næsta fórnarlamb niðurskurðar. Viðvarandi ótti um að missa vinnuna getur haft slæm áhrif á samskipti innan vinnustaðar og dregið úr samheldni vinnufélaga. Samstarfsfélagar fara jafnvel að keppa hver við annan um hylli yfirmanna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Eldfimt og erfitt ástand á vinnustað getur jafnvel leitt til þess að þeir starfsmenn sem fyrirtækið má alls ekki missa, ákveða að segja upp.

Val á þeim sem þurfa að láta af störfum getur verið vanda-



Í BÓTABÍÐRÖÐ Greinarhöfundur bendir á að við uppsagnir á vinnustað geti orðið til skaðleg samkeppni meðal þeirra sem sem eftir standa með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

NORDICPHOTOS/AFP

samt verk. Ef starfsfólki finnst að uppsagnirnar hafi ekki náð til þeirra sem helst áttu þær skilið, getur það enn auknið á ringulreiðina á vinnustaðnum og jafnvel dregið úr samkeppnishæfi fyrirtækisins. Við uppsagnir þarf að gæta þess að tapa ekki grunnþekkingu og hæfni sem nauðsynleg er fyrirtækinu til þess að starfa áfram. Taka þarf tillit til aldurs starfsmanna, starfsaldurs, vinnuframlags og stöðu þeirra innan fyrirtækis. Alla þessa þætti þarf að vega og meta svo að þeir muni ekki draga úr þrótti þeirra sem halda störfum sínum eða afköstum fyrirtækisins í heild.

Fyrir stjórnendur fyrirtækja er því að mörgu að huga þegar til uppsagna kemur. Setja þarf fyrirtækinu ný markmið með færri starfsmönnum og vera vakandi yfir áhrifum samdráttar á starfsemi sem og á starfsfólki. Því afleiðingar uppsagna eru ekki einungis fjárhagslegar, heldur þarf að taka tillit til tvíþentra tilfinninga þeirra sem halda vinnunni, reyna eftir fremsta megni að draga úr ótta þeirra um að missa vinnuna síðar meir og að lokum reyna að þetta samheldni starfshópsins sem eftir er.



Karen Halldórsdóttir, MS í mannauðs-stjórnun og BA í sálfræði.

FÓLK Á FERLI

SIGRÚN HJARTARDÓTTIR hefur verið ráðin forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Glitni. Sigrún tekur við starfinu af



Völu Pálsdóttur sem er í fæðingarorlofi. Sigrún hóf störf hjá Glitni í febrúar 2007, fyrst sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði en tók í september sama ár við starfi

verkefnastjóra innan greiningar þar sem hún hafði umsjón með samþættingu starfsemi greiningardeilda

JÓHANNES RÚNARSSON, hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþjónustu Skipta. Jóhannes hefur starfað hjá Skiptum, og áður hjá Símanum, í 20 ár. Fyrst sem sérfræðingur í hagdeild, svo sem forstöðumaður innkaupamála, því næst sem forstöðumaður starfsmannaþjónustu og síðar sem fram-



kvæmdastjóri starfsmannasviðs. Jóhannes er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.

KETILL B. MAGNÚSSON hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra mannauðs-sviðs Skipta. Ketill hefur starfað hjá Skiptum, og áður hjá Símanum, í 7 ár, fyrst sem forstöðumaður stefnumótunar, þar á eftir sem mannauðsráðgjafi og síðast sem forstöðumaður starfsþróunar og fræðslu. Áður vann hann meðal annars sem ráðgjafi hjá Skref fyrir skref. Ketill er MA í heimsspeki frá University of Saskatchewan í Kanada og MBA frá ESADE Business School á Spáni.



HAGUR FYRIR ÞIG
Save & Save
HAGUR FYRIR HEIMINN

TVÆR LEIÐIR TIL AÐ NJÓTA HÁRRAR VAXTA

Save&Save opin

15%*

breytilegir vextir

- Óbundinn innlánsreikningur
- Hægt að leggja inn og taka út hvenær sem er.

Save&Save bundinn

14,5%*

fastir vextir í heilt ár

- Bundinn í 12 mánuði
- Vextir greiddir út mánaðarlega og eru ávallt lausir

Glitnir leggur 0,1% mótframlag í Glitnir Globe, sjóð sem styrkir sjálfbæra þróun. Farðu inn á saveandsave.is eða talaðu við ráðgjafa Glitnis og kynntu þér hvernig þú getur notið hárrar ávöxtunar um leið og þú leggur náttúrunni lið.

*skv. vaxtatöflu Glitnis 01.07.2008

GLITNIR

SPÁKAUPMAÐURINN

Svarta gullið gefur vel

Svakalega gerði ég góðan díl um daginn þegar ég nældi mér í svo gott sem nýjan stóran amerískan pallbíll. Það er ekki á hverjum degi sem seljendur bjóðast til að borga heimanmund með kerrunum sem þeir vilja losna við. Fyrir mismuninn nældi ég mér í nýjar dýnur í hjónarúmið, eða eins og frúin sagði: „Neih! Bara búinn að endurnýja undirlagið á skeiðvelli-inum!“ Svo tísti í henni.

Hún varð nú samt eitthvað skritin á svipinn þegar hún sá nýja Dodge-inn, enda síkvakandi kerlingarnar í saumaklúbbnum hennar um bensínverðið. Hún sá nú samt fljótt skynsemina í þessu og kvartaði ekki þegar hún teygði úr sér í kerrunni á leiðinni upp í veiðihús. Ég hef nefnilega ekki miklar áhyggjur af olíuverðinu. Bæði getur maður leyft sér að spandera í reksturinn á bílnum og svo varir heldur ekki þetta ástand að eilífu. Ég gat ekki annað en glott ú í annað fyrir helgi þegar ég heyrði í útvarpinu umfjöllun um „óvænta“ þíðu

í samskiptum Bandaríkjanna og Írans. Ég vissi að þess væri ekki langt að bíða að „Sámur frændi“ legðist á árar í að lægja öldur á olíumarkaði, enda sviður pöpulinn vestra undan bensínverðinu í krepplunni þar.

Í kauphallarládeyðunni hér heima hefur maður svo líka tekið nokkrar rispúr í afleiðuviðskiptum hér og hvar. Þar hefur svarta gullið gefið vel af sér. Allt er þetta bara spurning um að vega og meta aðstæður rétt. Maður leggur ískalt mat á aðstæður, fer ekki á taugum og peningarnir streyma í kassann. Stundum er þetta svo líka bara spurning um hæfilega ófyrirleitni, það vita þeir sem komið hafa að olíuviðskiptum hér heima.

Svo þarf náttúrliga að vega og meta samspil kaupverðs og reksrarkostnaðar, eins og ég endaði á að útskýra fyrir konunni.

„Þú veist þetta best,“ sagði þá dúllan mín sáttt og passaði sig vandlega að ekki færi naglalakk í leðuráklæðið. Ég ákvað að vera ekkert að fetta fingur út í tagnaglalökkunina í framsætinu. Naut þess bara að láta drynja aðeins í tryllitækjunni þegar ég tók fram úr Priusnum á leiðinni út úr bænum.

Senn rennur meira vatn úr Ölfusinu

Mikið magn tækja og tóla var flutt í nýtt framleiðsluhús Icelandic Water Holdings í Hlíðar-enda í Ölfusi við Þorlákshöfn í síðustu viku.

Fyrirtækið hefur í um fjögur ár framleitt þar átappað lindarvatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial, sem selt er víða um heim, var meðal annars boðið gestum á Óskarsverðlaunahátíðinni í Bandaríkjunum í vor.

Flutningarnir hófust á þriðjudag og fóru samtals 36 vöruflutningabílar með tækin frá Reykjavík austur yfir fjall það sem eftir líði vikunnar.

Að sögn Jóns Ólafssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins, er stefnt að því að uppsetn-

ing tækjanna ljúki í ágúst og muni starfsemi hefjast af fullum krafti skömmu síðar. Um 35 til 40 manns munu starfa við framleiðsluna.

Nú þegar er unnið allan sólarhringinn við átöppun fyrirtækisins í Þorlákshöfn en um hundrað gámar af átöppuðu vatni í flöskum eru fluttir til útlanda í hverjum mánuði.

Bandaríski drykkjavöruframleiðandinn Anheuser-Busch keypti fimmtungshlut í fyrirtækinu fyrir ári og hófust framkvæmdir í Ölfusinu um svipað leyti. Anheuser-Busch varð fyrir skömmu hluti af InBev, umsvifamesta drykkjavöruframleiðanda í heimi.

- jab



HLASS Á LEIÐ ÚR BÆNUM Stærstu tækin fóru áleiðis frá Reykjavík til Þorlákshafnar á þriðjudag og miðvikudag. Markaðurinn/Stefin



KOMIÐ AÐ HÚSI Trúkkarnir renndu einn af öðrum í hlað í Hlíðar-enda. Markaðurinn/Egill



TEKIN AF PALLI Fjöldi tækja kom í húsi austan fjalls í síðustu viku. Markaðurinn/Egill



TÆKIN Í HÚSI Stefnir er að því að átöppun hefjist af fullum krafti í Hlíðar-enda fyrir haustið. Markaðurinn/ivh

Ævintýraleg ávöxtun hlutabréfa

Íslenski hlutabréfmarkaðurinn stendur á tímamótum. Þrátt fyrir að úrvalsvísitalan hafi lækkað um helming á einu ári hefur ávöxtun hvergi verið eins góð og hér á síðustu tuttugu árum.

Annas Sigmundsson
skrifar

„Það hefur verið alveg ævintýraleg ávöxtun á íslenska hlutabréfamarkaðinum í alþjóðlegum samanburði. Hún er það ennþá þrátt fyrir að úrvalsvísitalan hafi lækkað um helming frá því í fyrra,“ segir Gylfi Magnússon, hagfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur á síðustu tuttugu árum skilað 17,9 prósentu raunávöxtun á ári. Svo há ávöxtun er líklega einsdæmi í samanburði við nágrannalönd okkar. Raunávöxtun Dow Jones vísitalunnar hefur á sama tíma verið 7,4 prósent.

„Þegar bréf hafa verið verðlaus þar sem enginn markaður er fyrir þau verður mikið svigrúm til þess að þau hækki mikið í fyrstu. Það er hins vegar ekki svigrúm til þess að markaðurinn skili fimmtán til tuttugu prósentu raunávöxtun til lengri tíma,“ segir Gylfi.

Nokkur ár eru með yfir 50 prósentu ávöxtun. Gylfi segir að það sem skýri það sé að þá hafi markaðir verið í mikilli uppsveiflu og fyrirtæki skilad góðum hagnaði. Væntingar um vöxt hafi þá líka verið miklar.

Varðandi ævintýralega ávöxtun á árunum 2003 til 2005 segir hann meginskýringuna liggja í einkavæðingu ríkisbankanna. „Einnig það mikla fjármagn sem streymdi inn á markaðinn og þá sérstaklega erlent lánsfé. Miklar væntingar voru líka til stóriðju. Margt spilaði því saman,“ segir Gylfi.

Hann telur að íslenski markaðurinn sé farinn að fylgja meira þeim erlendu undanfarinn ár. Sú var ekki raunin í fyrstu þegar markaðurinn hófst hér í lok níunda áratugarins. „Þegar netbólan sprakk í Bandaríkjunum fylgdi sá íslenski. Hið sama á við núna. Hins vegar er niðursveiflan núna mun meiri en víðast annars staðar,“ segir hann.

Hann telur að íslenski hlutabréfamarkaðurinn eigi eftir að vera töluvert sveiflukenndur áfram. „Það eru það margir óvissuþættir. Sagan segir að þegar markaðir hafa verið í miklum sveiflum séu þeir lengi að róast aftur,“ segir Gylfi.

Hann telur ólíklegt að uppsveifla verði á markaðinum næstu mánuði og jafnvel lengur. „Það er það mikið sem á eftir að greiða úr og ekki víst hvernig spílast. Það blasir við að mörg fyrirtæki eru illa stödd. Við eigum eftir að sjá meira af gjaldþrotum og afskriftum. Atvinnuhorfur eru heldur



Gylfi Magnússon Hann segir ávöxtun hérlendis ævintýralega í alþjóðlegum samanburði. Gylfi telur ólíklegt að uppsveifla verði á markaðinum næstu mánuði. MARKAÐURINN/GVA

ÁVÖXTUN 1987-2007

Nafnhækkun	Ísland	Dow Jones
1987	91%	2%
1988	64%	12%
1989	27%	27%
1990	78%	-4%
1991	7%	20%
1992	-10%	4%
1993	-12%	14%
1994	25%	2%
1995	34%	33%
1996	59%	26%
1997	15%	23%
1998	10%	16%
1999	47%	25%
2000	-19%	-6%
2001	-11%	-7%
2002	17%	-17%
2003	56%	25%
2004	59%	3%
2005	65%	-1%
2006	13%	16%
2007	2%	5%

Heimild: Rannsóknir á ísl. hlutabréfamarkaði. Gylfi Magnússon.

ekki góðar. Fyrirtæki verða fyrir áföllum vegna þess að viðskiptavinir fara á hausinn. Það sér ekki fyrir endann á þessu ferli. Líklegast erum við rétt farin að sjá byrjunina,“ segir Gylfi.

Hann segir ómögulegt að segja hvenær fyrirtæki verði búnin að klára að hreinsa til í sínum rekstri. „Það er lítil von til þess að hlutabréfamarkaðurinn fari eitthvað að glæðast fyrr en við förum að sjá fyrir endann á þessum vandræðum,“ segir Gylfi.

Það sem skapi ef til vill meiri vandræði hér sé mikill fjöldi af lánnum í erlendri mynt. „Gengi krónu hefur svo sterk áhrif á stöðu lántakenda. Það hefur valdið verulegum vandræðum. Síðan erum við með þessa gífurlega háu stýrivexti,“ segir hann. Þessi staða sé hvorki uppi í Bandaríkjunum né Evrópu. „Þetta setur okkur þrengri skorður,“ bætir hann við.

Að tapa orrustum og vinna stríð

HAFLÍÐI HELGASON
FAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ SJÁVARSÝN



Það er eins með myllur markaðarins og guðs. Þær mala hægt en örugglega. Smátt og smátt fara uppgjör fyrirtækja að endurspeglum þann beiska veruleika sem nú blasir við í efnahagslífinu. Fall krónunnar hefur nánast þurrkað út eigið fé skuldsettra fyrirtækja sem flýðu stýrivextina til að hafna í gini gengisáættunna.

Er nema von að Geir næli sér í öflugan efnahagsráðgjafa? Þó fyrir hefði verið.

Nú eru tímar þeirra svartsýnu, og veisla þeirra sem sjá skattann í hverju horni og telja fólk flest fól. Slíkir kunna sér lítið hóf í svartagallsrausi og hefja sig til flugs í einhvers konar blöndu af heifúðugri bræði og ofsakæti yfir öföllum þeirra sem hæst flugu á tíma hinna bjart-sýnu.

DÓMSDAGSSPÁR RIFJADAR UPP Því verður auðvitað ekki neit að þegar best lét, þá komust menn upp átölulítið með alls konar vitleysu, rugl og óráðs-síu. Sumir virðast telja að ruglið

sé séríslenskt fyrirbæri og nýtt undir sólinni. Svo er auðvitað ekki. Við höfum á skömmum tíma séð skýr einkenni klassískrar uppsveiflu í hagkerfi og á mörkuðum og nú erum við einfaldlega að nálgast klassíska, fremur djúpa niðursveiflu með þeim leiðindum og jafnvel hörmungum sem slíku fylgja. Enn sem fyrr erum við okkar eigin gæfu smiðir.

Meðal þess sem rifjað hefur verið upp síðustu vikurnar eru dómsdagsspáðómar erlendra greiningaraðila um íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi. Í því samhengi halda einhverjir því fram að til að mynda greiningaraðilar Danske Bank hafi haft rétt fyrir sér í svartri skýrslu fyrir tveimur árum. Þetta er í meira lagi vafasöm fullyrðing.

Við erum því miður í vöndum málum þessa dagana, en til þess þurfti bæði leiðréttingu hagkerfis

úr ofurbjartsýnum þenslutímum og alþjóðlega lánsfjárekreppu sem á vart sína líka frá því í kreppunni á þriðja áratug síðustu aldar. Ef Danske hefði haft rétt fyrir sér, þá hefði fjármálakerfið hér sennilega farið á hliðina löngu áður en Hróarskeldubankinn hefði fundið fyrir nokkrum vanda. Þar hefðu Danir mátt líta sér nær.

KREPPAN VARÐ OFAN Á

Svar við þessari skýrslu var skýrsla Frederic Mishkin og Tryggva Þórs Herbertssonar um íslenskt efnahagslíf. Sú skýrsla dró fram sveigjanleika og styrk efnahagslífsins og taldi líkur ekki miklar á fjármálakreppu. Í skýrslunni var bent á tvær forsendur sem gætu aukið líkur verulega á fjármálakreppu. Önnur var að álag á skuldabréf banka færi að lyftast vel upp eftir þriggja stafa töluröfinu og

hin að aðgengi að lausafé myndi skerðast verulega og langvarandi.

Enda þótt slíkt væri ólíklegt, þá varð það raunin og afleiðingin er fjármálakreppa. Tryggvi Þór og Mishkin höfðu því í raun rétt fyrir sér, en Danske Bank rangt, jafnvel þótt myndin sem draga má upp í dag af ástandinu sé líkari því sem birtist hjá Dönum. Kaldhæðnin liggur í því að þeir eru í lítið betri málum sjálfir.

Það er fínt að Tryggvi Þór skuli nú takast á við að greina leiðir út úr efnahagsvandinum og vonandi hefur ríkisstjórn með sterkan meirihluta kjark til að taka þær ákvarðanir sem þarf að taka til að komast farsælega inn í betri tíð. Við getum enn gert eitt og annað til að draga úr líkum á að allt fari á versta veg.

VITRÆNS UNÐANHALDS ER ÞÖRF Það þurfa fleiri að taka erfið-

ar ákvarðanir. Ég vona líka að bankarnir taki fast á í afskriftum og lengi ekki í hringarólum að öþrfu. Það verður þegar upp er staðið sársaukaminnst að klára hlutina hratt og horfast í augu við töpuð útlán.

Þegar áhlaupi er hrundið er besta leiðin að kalla liðið heim, sleikja sárin og safna kröftum í næsta áhlaup. Eins er með útrásina. Hún hefur skilað miklum hagnaði, en nú eru aðrir tímar. Fyrir bankana væri skynsamlegt að hörfa og minnka til að tryggja rekstur sinn. Selja erlendrar eignir, fara í tiltekt heimafyrir og hagræða með því að sameina sparisjóðina bönkunum. Slíkt er óhjákvæmilegt. Taki menn skipulega og vitrænt á undanhaldu ættu möguleikarnir til að vinna ný lönd og lausa aura að vera þó nokkuð góðir þegar bjartari dagar taka við á ný. Það er nefnilega hægt að tapa mörgum orrustum, en vinna stríðið.

Tryggvi Þór og Mishkin höfðu því í raun rétt fyrir sér, en Danske Bank rangt, jafnvel þótt myndin sem draga má upp í dag af ástandinu sé líkari því sem birtist hjá Dönum. Kaldhæðnin liggur í því að þeir eru í lítið betri málum sjálfir.

Krónan á undanhaldi

Lán, laun og viðskipti í erlendum gjaldmiðlum. Möguleg hægfara þróun í átt að evru. Sérfræðinganevnd Samtaka atvinnulífsins (SA) hefur tekið saman skýrslu um fjölmyntavæðingu atvinnulífsins.

Guðný Helga Herberdsdóttir
skrifar

Vaxandi viðskipti hafa átt sér stað í öðrum gjaldmiðlum og má búast við að fjölmyntavæðingin aukist um leið og aðgengi að erlendu fjármagni verði betra á ný og á meðan krónan er ekki samkeppnishæf. Megindrifkrafturinn fyrir fjölmyntavæðingunni hér á landi hefur verið háir vextir og sveiflur í gengi. Það er ólíkt því sem gerist í öðrum löndum þar sem mikil verðbólga er yfirleitt aðalástæða fjölmyntavæðingar, samanber á Kúbu. Þróun fjölmyntavæðingar síðustu ár hefur að mestu leyti verið markaðsdrifin og val atvinnulífsins að nota frekar aðra gjaldmiðla en krónu.

HLUTDEILD KRÓNU Á NIÐURLEIÐ
Hlutdeild krónunnar hefur minnkað í lánviðskiptum á undanförmum árum en heimili og fyrirtæki hafa flúið hið háa innlenda vaxtastig með lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Í lok árs 2007 námu gengisbundnar skuldbindingar í lánakerfinu í heild um 50 prósentum heildarlána. Þar af var hlutdeild atvinnulífsins 70 prósent sem er 40 prósent hækkan á tíu árum. Dæmi eru einnig um að verðlagning í samningum milli innlendra fyrirtækja sé bundin erlendum gjaldmiðli.

EVROLAUN

Eftir að almenningur fór að taka lán í erlendum gjaldmiðlum til að fjármagna húsnæðis- og bíla kaup varð meiri hvati fyrir launafólk að semja um að hluti launagreiðslna væri tengdur erlendum gjaldmiðli til að lágmarka gengisáhættuna. Applicon sérhæfir sig í viðskiptahugbúnaði sem heldur utan um laun í mismunandi gjaldmiðlum. Guðjón Karl Þórisson, sölustjóri Applicon, segir að eftirspurn viðskiptavina þeirra hafi leitt til þess að þeir hafi farið út í þróun á hugbúnaðinum. „Við settum hugbúnaðinn á markað um áramótin og við finnum fyrir vaxandi áhuga. Í dag þjónustum við mörg af stærstu fyrirtækjum landsins.“

UPPGJÖR OG HLUTAFÉ Í ERLENDRI MYNT

Félög sem eru með meirihluta tekna og gjalda í erlendri mynt hafa í auknum mæli tekið upp

erlenda uppgjörsmýnt meðal annars til að auðvelda aðgang að erlendum fjármálamörkuðum en heimild til þess fékkst árið 2002. Langflest félög gera upp í dollara en þróunin bendir til að fleiri fyrirtæki muni gera upp í evru. Í dag eru átta félög í Kauphöllinni sem gera upp í evru, til dæmis Exista, Eimskip og Straumur-Burðarás.

Vaxandi áhugi meðal skráðra íslenskra fyrirtækja hefur einnig verið að skrá hlutafé í starfrækslunni sinni. Nokkur félög hafa tekið ákvörðun um slíka breytingu. Verðbréfaskráning Íslands hefur unnið að því í samstarfi við Seðlabanka Finnlands að annast uppgjör viðskipta í evrum. Hægt verður að hefja viðskipti með hlutabréf í evrum í nóvember.

Færsla bókhalds og ársreikninga og skráning hlutafjár í erlendum gjaldmiðlum og vaxandi viðskipti milli fyrirtækja með tengingum við erlenda gjaldmiðla munu stuðla að minnkandi hlutdeild krónunnar í viðskiptalífni og næra fjölmyntavæðinguna.

ÓHINDRUÐ ÞRÓUN

Nefndin spáir ekki fyrir að viðskipti milli fyrirtækja og neytenda í erlendum gjaldmiðli muni eiga sér stað á næstunni vegna kostnaðar verslana við að hafa tvíþætt verð. Hins vegar eigi að auka sveigjanleika atvinnulífsins hvað varðar gjaldmiðlanotkun og greiða götu þess að viðskipti og notkun erlendra gjaldmiðla geti þróast óhindrað eftir



FJÖLMYNTAVÆÐINGIN Möguleg hægfara þróun í átt að evru.

FRÉTTABLAÐIÐ/MUELLER

óskum markaðsaðila. Þá segir einnig að eftir því sem hagkerfið verður fjölmyntavæðara léttist álagið á krónuna. Við slíkar aðstæður og ef fjármál hins opinbera eru í góðum farvegi og hamla gegn þenslu ættu ekki að vera sérstök verðbólgu-tilefni í hagkerfinu umfram viðskiptalöndin. Við fjölmyntavæðingu væri hugsanlegt að ekki væri þörf að stuðla að inn-

streymi erlendra gjaldmiðla til fjárfestinga í fjárskuldbindingum í krónum og því myndu vextir Seðlabankans lækka. Krónan yrði þá ekki áhugaverður fjárfestingarkostur fyrir aðila sem stunda vaxtamunarviðskipti. Ef uppbygging eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum fer saman þá ætti fjölmyntavæðing ekki að stuðla að veikingu gengis krónunnar.

Efnahagslegt áfall fyrir heimilin

Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, segir sjálfkrafa evruvæðingu vera verstu tegund evruvæðingar sem völ er á. Hún hafi alla sömu ókosti og einhliða upptaka evru en til viðbótar þá hafi stjórnvöld engin áhrif á með hvaða hætti umskiptin ættu að vera og enga áætlun um umskiptin. „Ef þróunin er farin ákveðið langt af stað þá gæti verðgildi íslensku krónunnar hrundið og orðið að engu, yrði ekkert að gert. Það getur verið að fjölmyntavæðing sé á einhvern hátt heppileg

fyrir fyrirtæki en fyrir heimilin í landinu gæti þetta orðið gríðarlegt efnahagslegt áfall. Stjórnvöld verða að koma í veg fyrir þessa þróun. Svona þróun gerist bara í ríkjum þar sem efnahagslífið er algjörlega í rúst, svo sem á Kúbu. Efnahagslífið á Íslandi er ekki í rúst. Það er þrátt fyrir allt mjög sterkt þrátt fyrir tíma-bundna erfiðleika“.

EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

Segir að stjórnvöld verði að grípa inn í þróun fjölmyntavæðingar á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS



ÞRÓUN GJALDEYRISVIÐSKIPTA Á ÍSLANDI

1960 Viðreisnarstjórnin setur ný lög um innflutnings- og gjaldeyrismál.

1979 Ný lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sem rýmkuðu heimildir gjaldeyrisviðskiptabanka til afgreiðslu á gjaldeyrisumsóknum.

1979-1993 Skömmtnar- og takmörkunarkerfi gjaldeyrismála. Algengt að gengishagnaður fyrirtækja væri gerður upp-tækur, takmarkanir væru á kaupum á gjaldeyri og kaup á erlendum verðbréfum var ekki leyfður.

1993 Breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Gjalddeyrisviðskipti óheft. Gjalddeyrismarkaður settur á laggirnar. Enn höft á viðskiptum; innlendum aðilum óheimil að taka lán í erlendri mynt ef það var ótengt viðskiptum. Hámarksfjárhæðir við lýði.

1994 EES-samningurinn gerður. Frelsi í utanríkisviðskiptum og skuldbinding um fjórfrelsið.

1995 Eins árs aðlögunarfresti gagnvart EES-samningnum lýkur. Síðustu takmarkanir falla niður.

„Ef þróunin er farin ákveðið langt af stað þá gæti verðgildi íslensku krónunnar hrundið og orðið að engu. Það getur verið að fjölmyntavæðing sé á einhvern hátt heppileg fyrir fyrirtæki en fyrir heimilin í landinu gæti þetta orðið gríðarlegt efnahagslegt áfall.“

Eiríkur Bergmann Einarsson

„DOLLARIZATION“

Á við þegar íbúar ríkja nota erlendan gjaldmiðil samhliða eigin gjaldmiðli eða í stað hans. Slíkt er hægt án opinberrar íhlutunar og lagasetningar. Dæmi um þetta er Kúba þar sem stjórnvöld gefa út sinn eigin gjaldmiðil, kúbverskan pesó, en allir nota dollara.

Viðfeðm verðbólga

Verðbólga er ekki séríslensk. Verðbólga hefur ekki mælst meiri á evrusvæðinu í sextán ár og ellefu í Kína.

„Verðbólga er á uppleið í heiminum vegna hækkunar á hrávörum sem á einn eða annan hátt tengist hækkun olíuverðs,“ segir Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans.

Björn telur að aukin eftirspurn frá Asíu og öðrum nýmarkaðshagkerfum sé farin að hafa verðhækkunaráhrif þar sem fleiri og fleiri vilja nota olíu en á sama tíma eykst framboð ekki jafnhvatt. Hann bendir jafnframt á að olía er notuð við framleiðslu margra afurða og þegar olíuverð tvöfaldað á jafnskömmum tíma þá hefur það víðtæk áhrif á hagkerfi heimsins.

Spurður um stöðu Íslands segir Björn að hagkerfið hafi fengið óvenjunnagann viðsnúning í efnahagslífinu og þá sérstaklega á gjaldeyrismarkaði sem hefur haft mikla verðbólgu í för með sér sem kemur til viðbótar alþjóðlegum verðhækkunum á hrávörum.

Markaðsaðilar virðast tengja Ísland og verðbólgu saman um þessar mundir. Bloomberg-fréttaveit-an setti Ísland nýverið á lista ásamt Úkraínu,

VERÐBÓLGA

Venesúela	29,3%
Argentína	23,0%
Katar	14,75%
Rússland	14,0%
Ísland	12,7%
Óman	12,4%
Kína	8,5%
Indland	7,8%
Frakkland	3,7%
Ítalía	3,7%
Evrusvæðið	3,7%
Bretland	3,3%
Þýskaland	3,1%
Kanada	1,7%
Japan	1,2%

Víetnam og Ungverjalandi yfir lönd þar sem fjárhagslegum stöðugleika er ógnað af stjórnláusri verðbólgu.

Tólf mánaða verðbólga mældist 12,7 prósent í júní og hefur ekki mælst meiri frá því í ágúst árið 1990. Hagstofa Íslands gefur út nýjar tölur um verðbólgu á föstudaginn næstkomandi. Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir því að verðbólga muni halda áfram að aukast hér innanlands fram á



AUKIN EFTIRSPURN FRÁ ASÍU Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, segir að eftirspurn frá nýmarkaðshagkerfum sé farið að hafa verðhækkunaráhrif á markaði.

MARKAÐURINN/ANTON

haustið en muni gefa eftir í lok þessa árs og byrjun þess næsta.

Í samamburði við ríki heimsins kemur í ljós að verðbólga á Íslandi er nær því sem tíðkast

í Mið-Austurlöndum. Af stærri ríkjum heimsins býr Rússland einungis við viðlíka verðbólgu og Ísland um þessar mundir.

-bpa

DAÐUR Í LÍFI ...

Kolbrúnar Kolbeinsdóttur, viðskiptastjóra hjá eignastýringu Glitnis

- 6.30** Vakna hleypi Rómeó (kisu) og Matta (hundi) út að pissa og skelli mér svo í sturtu.
- 6.40** Helli upp á sterkt kaffi og hræri í hafragraut, glugga í Moggann og Fréttablaðið. Kveiki á tölvunni og athuga hvernig markaðir lokuðu í gærkvöldi og nótt.
- 7.15** Vek Mettu dóttur mína sem á að mæta til vinnu kl. 8.30
- 8.00** Mætt í vinnuna og byrja á að kíkja á póstin minn og svara þeim tölvupósti sem kominn er.
- 8.30** Fundur á 5. hæðinni með greiningardeildinni og farið yfir stöðuna á markaðnum.
- 9.00** Sest aðeins inn á kaffistofu með samstarfsmönnum mínum.
- 9.30** Annar fundur með forstöðumanni mínum Kjartani Smára þar sem farið er yfir verkefnastöðu, sumarfrí og ýmislegt.
- 10.30** Sest við borðið mitt til að undirbúa kynningu á Lausafjárstýringu. Kynningin fer fram úti í bæ kl. 14.00
- 11.50** Skrepp í mat nánar tiltekið í Grasagarðinn, þar sem sólin skín, og hitti vinkonur mínar. Skýst líka aðeins heim til að fara einn stuttan hring með hundinn (má ekki vera einn heima allan daginn).
- 13.15** Kem aftur til vinnu og klára glæru-„showið“ sem ég þarf að nota á fundi kl. 14.00.
- 14.00** Fundur með viðskiptavini.
- 15.30** Kem aftur á Kirkjusand eftir vel heppnaðan fund og fer yfir niðurstöður með Kjartani Smára. Fer yfir póstin minn og svara skilaboðum áður en ég fer heim.
- 16.30** Legg af stað heim, kem við í versluninni Fylgifiskum og kaupi á grillið. Hringi í Mettu dóttur mína og tek stöðuna á henni.
- 17.00** Stekk í laupagallann og fer með Matta (hundinn) í skokk kringum Elliðavatn sem tekur rúman klukkutíma, skila dauðþreyttum hundinum heim. Fer svo í ræktina aðeins að lyfta lóðum.
- 19.30** Ætla að fara að grilla þegar síminn hringir og okkur mæðgum er boðið í grillveislu til Elísabetar frænku. Dóttirin reyndar ekki komin heim svo ég hinkra eftir henni. Set í vél á meðan og ryksuga smá hunda- og kattahár.
- 20.00** Dóttirin mætt og við drifum okkur í Hafnarfjörðinn og spjöllum saman á leiðinni um hvernig dagurinn okkar leið. Hún er afar glöð með daginn sinn.
- 22.30** Höldum heim á leið saddar og sælar, komum við á leiðinni og náum í hundinn sem var í pössun hjá ömmu.
- 23.00** Geri allt klárt fyrir dóttur mína sem þarf að vakna eldsnemma.
- 23.30** Dríf mig í rúmið (alltof seint) les aðeins í bókinni I Hate Presentations eftir James Caplin. Sofna fljótlega út frá henni. (Þó mjög áhugaverð bók.) AMEN ...



KOLBRÚN fer yfir gögn með Haraldí Gunnarssyni samstarfsmanni FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



EINAR SVEINBJÖRNSSON Einar, sem er landsmönnum að góðu kunnur sem veðurfræðingur, rekur fyrirtæki sem meðal annars býður upp á sértækar veðurspár. Þær nýta sér til dæmis fyrirtæki þar sem tímasetning verkefna kann að ráðast af veðurfari. MARKAÐURINN/AUDUNN

Bíddu í eina mínútu

Veðurvaktin ehf. er ráðgjafafyrirtæki í eigu Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings. Þeir Finnur Jóhannsson, kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi hjá Truenorth, og Aðalsteinn Snorrason, arkitekt hjá Arkís, segja ráðgjöfina sem þar er hægt að fá mikið þarfapung.

Vala Georgsdóttir
skrifar

„Ef þér líkar ekki veðrið núna bíddu þá bara í eina mínútu og veðrið breytist,“ nefnir Finnur Jóhannsson, kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi hjá Truenorth, þegar hann vísar til frasa sem hann þekkir úr kvikmyndagerðarbransanum.

Ráðgjafafyrirtæki Einars Sveinbjörnssonar, Veðurvaktin ehf., býður upp á veðurbjónustu í flestu því sem viðkemur veðri og veðurfari. Verkefni eru fjölbreytt að sögn Einars og nefnir hann þar á meðal sértækar veðurspár vegna byggingaframkvæmda eða viðburða, úrvinnslu veðurathugana og ráðgjöf við skipulagsmál svo fátt eitt sé nefnt.

„Hver dagur í kvikmyndatökum kostar sitt. En eftir því sem meira liggur undir skiptir sköpum að menn séu að vinna við rétt veðurskilyrði,“ nefnir Einar sem hefur komið töluvert að því að vinna veðurspár fyrir kvikmyndaiðnaðinn.

„Einar getur verið ansi naskur á veðrið, enda þekkir hann vel til staðháttar,“ segir Aðalsteinn Snorrason, arkitekt hjá Arkís, sem hefur átt margar samræður við Einar um skjólmyndun við hönnun bygginga og mannvirkja.

Að sögn Einars er oft auðvelt að grípa til aðgerða til að draga úr óhagstæðum vindáttum. Eftir því sem húsin eru hærra skapast meiri hætta á því að óhagstæðir vindar myndist á milli húsanna. „Enda geta vindsveipir beinlínis verið stórhættulegir,“ bendir Einar á.

Óveðurskaflinn sem reið yfir í byrjun árs varð til að mynda til þess að menn fóru að huga að vindbrjótum til að setja á milli húsa, sérstaklega á stöðum þar sem háhýsi eru.

„Íslenskt veðurfar er furðulegt,“ segir Finnur og bendir á að þegar verið sé að undirbúa útitökur fyrir bíómyndir eða auglýsingar sé gríðarlega mikilvægt að nýta sér ráðgjöf veðurglöggra manna.

Nýverið var Finnur við tölur á auglýsingu úti á landi. Veðurskilyrði virtust góð þegar lagt var af stað. En skyndilega kom úrhellisrigning og þá var ráð að hringja í Einar og kanna stöðu mála: „Það er rigning núna, hvernig verður veðrið eftir klukkutíma?“



FINNUR JÓHANSSON Í kvikmyndagerð skiptir miklu að hitta á réttar aðstæður í útitökum, líkt og Finnur Jóhannsson kvikmyndagerðarmaður bendir á. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

FRÍSTUNDIN

Með veiðidellu í áratug

Eygló Jónsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Franca almannatengslum, veiðir í Hítará í Borgarfirði með Lagskonum einu sinni á ári.

„Lagskonur heitir kvennaveiðihópur sem ég er í. Fastur liður hjá okkur er að veiða saman í Hítará í Borgarfirði einu sinni á ári,“ segir Eygló Jónsdóttir framkvæmdastjóri hjá Franca ehf. almannatengslum.

Um veiðidelluna segir Eygló: „Veiðihugann byrjaði ég að fá fyrir um áratug síðan. Og reyni ég nú að komast í nokkrar veiðiferðir yfir sumarið.“

„Fluguveiði þyki mér mjög skemmtileg. En öll útíveran í kringum veiðina finnst mér frábær. Veiðimennskan er

orðin eitt helsta sumarsport fjölskyldunnar.“

Fyrir utan veiðimennskuna eru það gönguferðir sem frístundirnar eru notaðir í. „Lengi hefur staðið til að fara á Fimmvörðuhálsinn en af því varð fyrr í sumar helgina fyrir Jónsmessunótt. Við hjónakornin fórum með um tvö hundruð manna hóp á vegum Útivistar í næturgöngu, en farið var af stað í þremur hollum.“

Næsta skipulagða gönguferðin sem er fram undan er ferð um Leggjarbrjót. Þá er

gengið frá Þingvöllum yfir til Hvalfjarðar.

Hvað varðar ferðir utan landsteinanna er Eygló nýkomin úr vikufærð til Danmerkur. Þá var keyrt frá Kaupmannahöfn yfir til Álaborgar, þar sem elsti sonurinn og tengdadóttir býr.

„Ég geri ráð fyrir að skotist verði til Álaborgar með litlum fyrirvara á næstunni,“ nefnir Eygló, sem varð lögleg tengdamóðir nýverið eins og hún orðar það, en í Álaborg var brúðkaup sonarins haldið. - vg



EYGLÓ JÓNSDÓTTIR Eygló Jónsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Franca almannatengslum, segir að fluguveiði sé allra skemmtilegasta veiðin. MARKAÐURINN/ANTON



BYLGJAN OPEN 2008

26. OG 27. JÚLÍ

Á VELLI GKG Í GARÐABÆ

Skráðu þig í eitt glæsilegasta golfmót ársins.
Tveggja daga punktakeppni með niðurskurði.

Vinningar:

Tvær glæsilegar golfferðir fyrir tvo frá Sumarferðum til Spánar í haust

Tvær 30.000 kr. inneignir frá Kreditkortu

Sex 25.000 kr. símar frá Tali

Fimmtán 15.000 kr. Cintamani jakkar

Sex 10.000 kr. inneignir hjá Ecco búðunum

Fjöldi áskrifta að Stöð 2 Sport og Sport 2

Nánari upplýsingar á bylgjan.is og skráning á golf.is

BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

ecco



KREDITKORT

SUMAR



FERÐIR

TAL



SPORT



BANKAHÓLFID

Gefur sig í ráðgjöfina

Tryggvi Þór Herbertsson, sem í hálfárs leyfi frá störfum sínum sem bankastjóri Aska Capital, ætlar að veita efnahagsráðgjöf í forsætisráðuneytinu, hefur upplýst að hann þiggi ekki laun frá bankanum á meðan.

Gefa má sér að Tryggvi, sem hefur störf um næstu mánaðamót, hafi ekki verið á neinum lúsarlaunum í bankanum og mikil hollusta hans við þjóðina að bregðast við kalli forsætisráðherra með þessum hætti. Bankastjóraun rúmast jú tæpast í launaramma ríkisins, eða hvað? Núna safnar efnahagsráðgjafinn hins vegar kröftum í frí á Ítalíu áður en hann tekur að beita sér í efnahagsmálunum.



Ósáttur við tilboð í fyrra líf

Englendingurinn Ian Usher, 44, seldi nýverið „fyrra líf“ sitt á Ebay, fyrir 380.286 Bandaríkjadali. Usher hafði vonast til að fá hálf milljón dali fyrir pakkann, og sagðist ósáttur við verðið, en ætlaði sér engu að síður að taka tilboðinu. Usher, sem er búsettur í Ástralíu, skildi nýverið við eigin konu sína og ákvað að selja allar eigur sínar, föt, hús, húsgögn og sömuleiðis sæbotu og mótörhjól. Með í kaupunum var „aðgangur að vinum“, en vinnuveitandi Ushers, teppaverslun í Perth, lofaði jafnvel að ráða hæstbjóðanda í vinnu, þó aðeins til reynslu í tvær vikur.

Usher sagði að sér hefðu borist betri tilboð, allt að tvær milljónir dala, en hann hefði fljótlega áttað sig á að þar hefðu verið á ferð einhverjir „hálfvitar“, sem hefðu verið að gera grín að sér.

Þyrlur og laxfiskur

Straumur ferðamanna er óvída meiri hér innanlands en um Borgarfjörðinn og rennur bæði ís og hamborgarafæði ofan í marga í skyldustoppi í Borgarnesi. Allur gangur er á því hversu hratt er farið um og hvort menn ná að horfa í kringum sig. Á vef sínum greinir blaða- og tónlistarmaðurinn Gunnar L. Hjálmarsson (Dr. Gunni) frá veglegum sumarbústað sem hann barði augum og upplýsir um óánægju með þyrluflug Ólafs Ólafssonar, starfandi stjórnarformanns Samskipa, um fjörðinn. Flugíð ku víst fæla laxinn. Hann vill nú samt ekki deila of hart á stjórnarformanninn, enda sé hann dyggur stuðningsmaður tónlistarlífs í landinu. „Stóð til dæmis undir sumargleði Kíma records alla síðustu viku,“ bendir Gunni á.

1,42 milljarðar Bandaríkjadala er sú upphæð sem Coca-Cola Company hagnaðist um á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

16,75 prósentur er stýrivaxtastigið sem Tyrkir búa við eftir 0,50 prósentustíga vaxtahækkun í síðustu viku.

850 veðköll voru gerð á þriggja vikna tímabili, samkvæmt nýjustu tölum sem Fjármálaeftirlitið birti.

MIRALE

Ljósadagar

Vegna breytinga í verslun seljum við öll sýningarljós með

50% afslætti



loftljós
standlampar
borðlampar
veggljós

MIRALE
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.-föstud. 11-18
laugardag 11-14
www.mirale.is

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

PRICEWATERHOUSECOOPERS